

ÚTTEKT Á STARFSEMI


Krikaskóla

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

20. júní 2015



Árný Elíasdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir



Úttekt þessa vann Attentus – mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, nemendum, foreldrum, fulltrúum fræðslunefndar og sveitarfélagsins og Fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar fyrir aðstoð við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 20. júní 2015

Árný Elíasdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	5
1. Inngangur	7
1.1. Gagnaöflun	7
2. Skólinn og umhverfi hans	8
2.1. Nemendur	8
2.2. Mannauður	11
2.3. Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins	13
2.4. Hugmyndafræði, stefna og áherslupættir skólans	13
2.5. Samræmdur árlegur starfstími beggja skólastiga	
2.6. Húsnæði og aðbúnaður	22
2.7. Lög og reglugerðir	22
2.8. Hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshruns	22
2.9. Mat úttektaraðila	23
3. Skólanámskrá	25
3.1. Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags	
3.2. Tengsl skólastiga	26
3.3. Námsmat	27
3.4. Mat úttektaraðila	28
4. Stjórnun og rekstur	29
4.1. Fræðslunefnd	29
4.2. Skólaráð	30
4.3. Stjórnskipulag og skipurit	31
4.4. Ákvarðanataka	31
4.5. Nemendaverndarráð	31
4.6. Nemendafélag	32
4.7. Mat úttektaraðila	32
5. Nám og kennsla	33
5.1. Kennsluhættir og fjölbreytni	33
5.2. Lýðræði	34

5.3. Próunarverkefni	34
5.4. Mat úttektaraðila	35
6. Skólabragur og samskipti	36
6.1. Einelti	37
6.2. Jafnrétti nemenda	37
6.3. Mat úttektaraðila	38
7. Innra mat	39
7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd	39
7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra	39
7.3. Mat á frammistöðu starfsmanna	40
7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats	40
7.5. Mat úttektaraðila	40
8. Foreldrasamstarf og ytri tengsl	41
8.1. Foreldrafélag	41
8.2. Samstarf við grenndarsamfélag	41
8.3. Lýðræði og þátttaka	42
8.4. Upplýsingaflæði	42
8.5. Mat úttektaraðila	42
9. Sérkennsla og stoðþjónusta	44
9.1. Sérkennsla	44
9.2. Önnur stoðþjónusta	45
9.3. Mat úttektaraðila	45
10. Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins	46
10.1. Fyrirkomulag og aðgengi	47
10.2. Eftirfylgni í framhaldi af greiningu	47
10.3. Ráðgjöf til kennara	47
10.4. Sjúkrakennsla og skólaheilsugæsla	48
10.5. Mat úttektaraðila	48
11. Mat og eftirlit sveitarfélagsins	49
11.1. Framkvæmd ytra mats	49

11.2. Mat úttektaraðila	49
12. Niðurstöður	51
12.1. Styrkleikar og veikleikar skólans	51
12.2. Tillögur að aðgerðum til úrbóta á vegum skólans	52
Heimildir	53
Viðauki I – samantekt skólastarfs 2 – 9 ára	54
5.1.2. Skólastarf 4-5 ára	55
5.1.2. Skólastarf 6-7 ára	56
5.1.2. Skólastarf 8-9 ára	57
Viðauki 2 – Lykilhæfni viðmið og Matskvarðar	58
Lykilhæfni, viðmið og matskvarði fyrir árganginn: 2-3 ára.	58
Lykilhæfni, viðmið og matskvarði fyrir árganginn: 4-5 ára.	59
Lykilhæfni, viðmið og matskvarði fyrir árganginn: 6- 7ára.	61
Lykilhæfni, viðmið og matskvarði fyrir árganginn: 8- 9 ára.	62

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Krikaskóla. Markmið úttektarinnar er að athuga hvernig tekist hafi að búa til frá grunni heildstæðan leik- og grunnskóla fyrir eins til níu ára börn þar og sérstaklega skoða áhrif þess að hafa samræmdan árlegan starfstíma fyrir bæði skólastigin. Skólinn hóf starfsemi árið 2008 þegar 50 börn á aldrinum tveggja til fimm ára hófu þar nám. Nemendur skólans eru nú 202, 106 á leikskólaaldri og 96 á grunnskólaaldri og starfsmenn 56.

Vel hefur tekist að búa til frá grunni heildstæðan grunnskóla fyrir tveggja til níu ára börn. Áhrif þess að hafa samræmdan árlegan kennslutíma fyrir bæði skólastigin eru almennt jákvæð, sjá kafla 2.6. Stefna skólans er útfærsla á aðalnámskrá leik- og grunnskóla, skólastefnu Mosfellsbæjar og hugmyndum Bræðingshópsins sem kom að undirbúningi skólans. Skólinn leggur áherslu á lýðræði í skólastarfi, einstaklingsmiðað nám, samvinnu, samþættingu markmiða leik- og grunnskólastigs og samþættingu grunnskólastarfs og frístundarstarfs. Gildi hans eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja sem jafnframt eru gildi Mosfellsbæjar. Hönnun skólahúsnæðis styður mjög vel við skólastarfið. Skólanámskrá Krikaskóla er skv. nýrri aðalnámskrá og grunnþættir menntunar útfærðir. Námskráin er unnin í samstarfi margra aðila skólasamfélagsins. Skólinn hefur útfært fjölbreytt námsmat og unnið er að mati fyrir frístundastarf, skilgreindir hafa verið þekkingar- og hæfnisþættir og árangursviðmið og nemendur eiga kost á að uppfylla markmið með mismunandi hætti. Árangur skólans í samræmdum prófum er góður miðað við hve stutt hann hefur starfað.

Við skólann starfar nú kjarni starfsmanna sem hefur aðlagast starfinu vel en lengri árlegur skólatími grunnskólakennara og kennslufræðileg nálgun virðist ekki henta öllum starfsmönnum og nokkur starfmannavelta hefur verið. Starfsandi og vinnustaðamenning virðist nú hafa þróast til hins betra frá því starfsmannakönnunum 2013 og 2014. Tæp 58% starfsmanna skólans hafa lokið prófi úr háskóla þar af hafa 12% lokið meistaranámi eða viðbótarnámi án meistaragráðu. Allir kennarar á grunnskólastigi eru með réttindi en leikskólakennarar eru 23% af starfsmönnum á leikskóla og 15% starfsmanna á leikskólanum hafa aðra háskólamenntun. Skólinn hefur verkferli um móttöku nýrra starfsmanna, lýsingar á hlutverki starfsmanna liggja fyrir og ríflega 91% starfsmanna fóru í starfsþróunarsamtöl árið 2014. Ekki virðist ríkja sátt um nýtt fyrirkomulag samtalanna. Skólinn hefur sí- og endurmenntunaráætlun. Stjórnendur hvetja starfsmenn til að sækja endurmenntun og þurfa starfsmenn að standa skil á þeirri menntun sem þeir sækja. Framboð er mikið fyrir starfsfólk leikskóla og nokkurt fyrir grunnskólakennara. Skólinn hefur tekið þátt í fjölmörgum þróunarverkefnum sem hafa skilað sér í starfið og um leið komið til móts við þarfir starfsmanna fyrir endurmenntun. Skólinn hefur jafnréttisstefnu og -áætlun. Jafnréttis

virðist gætt meðal nemenda og starfsfólks en jafnrétti var sá þáttur sem kom hæst út í viðhorfskönnunum starfsfólks 2013 og 2014. Kynjahlutfall meðal starfsmanna er 84% konur og 16% karlar. Bókasafn Mosfellsbæjar í nágrenni skólans uppfyllir þarfir skólans. Hagræðingaraðgerðir sveitarfélags virðast um tíma hafa haft nokkur áhrif á faglegt starf hans, s.s. vinnu við skólanámskrá, en úr því hefur nú verið bætt.

Fræðslunefnd er mjög virk og þar er hópur sem hefur átt aðkomu að skólanum frá upphafi. Nefndin hefur sinnt hlutverki sínu sbr. lög og samstarf hennar og skólastjóra hefur verið gott. Skólaráð hefur starfað frá upphafi skólans og hefur fjallað um þá þætti sem því ber sbr. lög. Stjórnskipulag skólans virðist að mestu henta stærð hans og verkefnum en hlutverk stjórnenda ekki nægilega skýr. Í starfsmannakönnunum Mosfellsbæjar 2013 og 2014 er ánægja með stjórnun á svonefndu aðgerðabili en ánægjukönnun skólans 2015 sýnir meiri ánægju. Lögð er mikil áhersla á þátttöku allra starfsmanna í ákvörðunum og nemendur og foreldrar hafa margs konar vettvang til að hafa áhrif á skólastarfið. Markvisst er hlustað eftir líðan nemenda og viðhorfum með fjölbreyttum aðferðum en frekari umræðu þarf um skólareglur. Eineltisáætlun liggur fyrir, einelti hefur verið kannað og almennt ríkir sátt um hvernig skólinn tekur á eineltismálum. Skólinn vinnur að gerð móttökuáætlunar fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku. Aðgangur foreldra að upplýsingum er góður og þeir nokkuð virkir í skólastarfinu. Viðhorf foreldra hefur verið kannað reglulega. Ágætt samstarf er við grenndarsamfélag. Aðgangur að sérfræðipjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar. Afar vel er hugað að sérþörfum nemenda og skólinn m.a. eftirsóttur vegna þess. Sveitarfélagið hefur verið með mat í ákveðnum þáttum starfsemi skólans.

Helstu styrkleikar skólans eru framsækið starfsfólk og skólastarf sem endurspeglast í skipulagi skólans, hugmyndafræði og útfærslu hennar, persónuleg þjónusta við nemendur og foreldra, fræðslunefnd sem styður vel við skólann, margvísleg úrræði í sérkennslu og góður aðgangur að sérfræðipjónustu og gott samstarf við foreldra og grenndarsamfélag. Helstu veikleikar skólans eru að ábyrgð stjórnenda og sumir verkferlar eru ekki nægilega skýrir öllum starfsmönnum. Flæði milli deilda og sviða er ekki nægilega mikið, innra mat skólans ekki fullnægjandi og ólíkir og stýrandi kjarasamningar starfsfólks gera samræmingu leik- og grunnskóla flókna. Helstu aðgerðir til úrbóta eru þær að skilgreina þarf betur og kynna ábyrgð stjórnenda, frekari umræðu þarf um skólareglur og verkferla um aga og fjarvistir, framkvæmd þeirra og eftirfylgni, í umbótaáætlun innra mats þarf að koma fram hverjir eru ábyrgir fyrir hverjum þætti, hvenær aðgerðum skuli lokið, hver skuli vera árangur þeirra og fylgja matinu betur eftir. Meta þarf hvernig til tekst með nýtt fyrirkomulag starfsmannasamtala, rýna vel í niðurstöður árlegrar starfsmannakönnunar og gera aðgerðaáætlun með Fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar. Leita ætti leiða til að hækka hlutfall kennara í leikskólahluta skólans.

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Krikaskóla. Úttektin er gerð í kjölfar þriggja ára þróunartímabils þ.e. vegna árlegs starfstíma grunnskólanemenda og hugmyndafræðilegrar sérstöðu um blandaðan heildstæðan leik- og grunnskóla fyrir eins til níu ára börn. Markmið úttektarinnar er að athuga hvernig tekist hafi að búa til frá grunni heildstæðan leik- og grunnskóla fyrir eins til níu ára börn þar og sérstaklega skoða áhrif þess að hafa samræmdan árlegan starfstíma fyrir bæði skólastigin. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf að gera úttektina. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir Krikaskóla og niðurstöðum úttektarinnar, styrkleikum og veikleikum skólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta.

1.1. Gagnaöflun

Úttektin byggir á fyrirliggjandi gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknunum. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar eru skólanámskrá, gögn um sjálfsmat, upplýsingar um menntun kennara, kannanir o.fl., sjá nánar í heimildaskrá.

Úttektaraðilar funduðu með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, leik- og grunnskólakennurum, rýnihópi leiðbeinenda og stuðningsfulltrúa, deildarstjórum, starfsfólki í eldhúsi, þroskaþjálfra, sálfræðingi sem starfar í skólanum og verkefnisstjóra sérkennslu, nemendum, skólaráði, fulltrúum fræðslunefndar og sveitarfélagsins, fulltrúum skólaskrifstofu og stjórn foreldrafélagsins. Alls var rætt við 56 aðila er hafa aðkomu að skólasamfélaginu. Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi skólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Gögn frá skólanum voru almennt góð.

2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Krikaskóli tók til starfa árið 2008. Fyrsta starfsár skólans var hann til húsa í Gerplustræti í Helgafellslandi og sóttu skólann 50 börn á aldrinum tveggja til fimm ára. Næstu tvö ár fjölgaði börnum og bættust við börn á aldrinum sex til níu ára. Árið 2010 flutti skólinn í nýtt, sérhannað húsnæði og voru nemendur þá 167. Árið 2012 sótti Mosfellsbær um að skólinn yrði þróunarskóli í samræmi við 44 gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Í kjölfarið veitti mennta- og menningarmálaráðuneytið heimild til þess að reka skólann sem þróunarskóla á tveimur sviðum. Annars vegar vegna árlegs starfstíma grunnskólanemenda og hins vegar vegna hugmyndafræðilegrar sérstöðu um blandaðan, heildstæðan leik- og grunnskóla fyrir eins til níu ára börn. Mosfellsbær miðar við að taka börn inn á leikskóla á því ári sem þau verða tveggja ára og er tekið inn í Krikaskóla eftir þeim viðmiðum.

Krikaskóli er eini skóli landsins þar sem grunnskólanemendur fá 200 skóladaga og eru þar af leiðandi að jafnaði mánuði lengur í skóla en almennt gerist. Hann er jafnframt eini blandaði leik- og grunnskólinn þar sem starfstími barna á leikskólastigi og nemenda á grunnskólastigi er samræmdur.¹ Skólinn leggur áherslu á lýðræði í skólastarfi, einstaklingsmiðað nám, samvinnu, samþættingu markmiða leik- og grunnskólastigs og samþættingu grunnskólastarfs og frístundarstarfs.² Gildi skólans eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja sem jafnframt eru gildi sveitarfélagsins. Nemendur eru um 203, 107 á leikskólaaldri og 96 á grunnskólaaldri. Starfsmenn eru 56 í 48,4 stöðugildum.

2.1. Nemendur

Krikaskóli er heildstæður leik- og grunnskóli með 203 nemendur. Að jafnaði eru árgangar í skólanum átta. Byrjað er að taka inn börn um áramót og fjölgar þeim hægt inn í skólastarfið. Elsti árgangurinn lýkur svo skólagöngu í júní eftir níu árganga. Meðalstærð nemendahópa í grunnskólaárgöngum er 24 nemendur og 21,4 í leikskólanum. Skipting nemenda eftir árgöngum og kynjum má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Fjöldi nemenda eftir árgöngum og kynjum 2015.

Bekkur	Árgangur	Fjöldi barna	Drengir	Stúlkur
4. bekkur	2005	21	13	8
3. bekkur	2006	25	12	13
2. bekkur	2007	23	10	13
1. bekkur	2008	27	17	10

¹ Úr samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Attentus, mars 2015.

² Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

Bekkur	Árgangur	Fjöldi barna	Drengir	Stúlkur
leikskólastig	2009	28	13	15
leikskólastig	2010	28	14	14
leikskólastig	2011	26	14	12
leikskólastig	2012	17	7	10
leikskólastig	2013	8	5	3
Alls		203	105	98

2.2. Mannauður

Skólinn fylgir mannauðsstefnu Mosfellsbæjar. Þar koma fram gildi stefnunnar og 13 áhersluatriði s.s. nýliðafræðsla, öflugir og hvetjandi stjórnendur, fjölskylduvænn vinnustaður, starfsþróunarsamtöl, upplýsingamiðlun, hlutverk og ábyrgð starfsfólks o.fl.³ Við skólann starfa 56 einstaklingar í tæplega 48,4 stöðugildum: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, þrír verkefnastjórnarar í 100% og tveir í 50% verkefnastjórn (verkefnastjórnarar eru leik-og eða grunnskólakennarar nema verkefnastjóri skrifstofu), sex leikskólakennarar, 12 grunnskólakennarar, þrír þroskaþjálfar, einn MA sálfræði, einn matráður, þrír starfsmenn mötuneytis, þrír stuðningsfulltrúar (þar af er einn grunnskólakennari) 24 starfsmenn í leikskóla/frístundar = 56 starfsmenn í misstöru starfshlutfalli. 14 kennarar við skólann hafa réttindi til kennslu í grunnskóla og 8 kennarar með réttindi sem leikskólakennarar. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, verkefnastjóri íslensku/sérkennslu hafa réttindi á báðum skólastigum. Tveir umsjónarkennarar hafa réttindi á báðum skólastigum. Menntun starfsmanna má sjá í töflu 2. Kynjahlutfall meðal starfsmanna er 84% konur og 16% karlar. Meðal starfsaldur kennara er 3,3 ár og starfsmannaveltu má sjá í töflu 3.

Tafla 2. Menntun starfsmanna.

Menntun	Fjöldi
Minna en BA / BS / B. Ed.	24
B. Ed. (grunnskólakennarar)	15
B. Ed. (leikskólakennarar)	11
BA / BS / auk kennsluréttinda	7
Viðbótarnám án MS	4
MA / M.Sc / M. Ed	3
Doktorspróf	0

³ Mannauðsstefna Mosfellsbæjar.

Tafla 3. Starfsmannavelta 2011-2014.

Ár	Hætta v.aldurs	Segja upp	Hætta v.tímabundinnar ráðningar	Sagt upp	Nýráðnir	Tímabundnar ráðningar
2011	0	3	11	3	16	11
2012	0	8	11	1	13	8
2013	0	8	12	1	16	6
2014	0	9	11	2	21	8

Skólinn nýtir sér starfsmannahandbók fyrir starfsfólk Mosfellsbæjar sem aðgengileg er á vefsíðu bæjarins. Hún er ætluð starfsmönnum til leiðsagnar og upplýsingar um ýmislegt er varðar starfsumhverfi, réttindi, skyldur, áherslur og samþykktir Mosfellsbæjar í málefnum er varða starfsfólk. Í handbókinni er fjallað um stjórnkerfi bæjarins, svið og stofnanir, mannauðsstefnu ásamt öðrum stefnum s.s., forvarnir, einelti áreitni og vanlíðan á vinnustað.⁴

Á mynd 1 má sjá niðurstöður úr starfsmannakönnun Mosfellsbæjar meðal starfsmanna Krikaskóla árin 2013 og 2014. Niðurstöður 2015 liggja ekki fyrir. Svarhlutfallið var 67% árið 2013 en 53% 2014. Eins og sést hefur skólinn bætt sig milli ára á öllum þeim þáttum sem skoðaðir voru. Árið 2014 eru fjórir þættir á aðgerðabili (1,00-3,69), fimm þættir eru á starfhæfu bili (3,69-4,19) og einn þáttur á styrkleikabili (4,20-5,00). Svarendur voru mest sammála staðhæfingunni á *mínum vinnustað eiga bæði kynin jafnan rétt hvað varðar alla þætti starfsmannamála* en minnst sammála staðhæfingunni á *mínum vinnustað ríkir jákvæð vinnustaðamenning og góður starfsandi*.⁵ Að sögn stjórnenda skólans voru starfsmenn hvattir til að svara og könnunin og niðurstöður hennar síðan kynnt fyrir starfsfólki og gerð aðgerðaáætlun í kjölfarið. Skólinn byggir á nýrri nálgun, bæði hugmyndafræði og skólatíma og því hafi tekið langan tíma að stilla starfsmannahópinn saman. Komið hafi í ljós að skipulag hans og kennslufræðileg nálgun henti ekki öllum starfsmönnum og auk þess hafi verið mikið um langtímaveikindi og önnur veikindi í skólanum á þessum árum en allt hafi þetta átt sinn þátt í að svo margir þættir koma út á aðgerðabili. Óánægja hafi verið í starfsmannahópnum en mikið af því starfsfólki, sem ekki líkaði skipulag skólans sé nú hætt.


Á núverandi skólaári sé þéttur kjarni sem hafi verið frá upphafi ásamt nýjum starfsmönnum sem hafi aðlagast starfinu vel. Álíka skýringar komu fram hjá starfsfólki og

⁴ Starfsmannahandbók Mosfellsbæjar.

⁵ Krikaskóli- vinnustaðagreining gögn frá skóla.

fulltrúum í fræðslunefnd og á skólaskrifstofu. Í ánægjukönnun sem skólinn lagði fyrir starfsmenn í febrúar 2015 segjast 75% þeirra vera ánægðir í vinnunni.⁶

Mynd 1. Starfsmannakönnun 2013 og 2014.⁷



2.2.1. Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna

Við upphaf starfs við skólann fá starfsmenn afhenta starfmannahandbók Mosfellsbæjar. Skólinn hefur verkferli um móttöku nýrra starfsmanna. Skólastjóri fer yfir hugmyndafræði skólans með sérhverjum nýjum starfsmanni en fram kom hjá starfsmönnum að misjafnt væri hvenær það væri gert og stundum drægist það of lengi. Reyndari starfsmaður leiðbeinir nýliðanum en starfsmenn segja leiðsögnina misjafna eftir því hvar starfsmaður hefur störf. Fram kom hjá kennurum að þar sem teymi starfsmanna vinnur með nemendahópnum leiðbeini kennari í teyminu nýjum starfsmanni og gangi það almennt vel. Ætlast er til að starfsmenn sækji nýliðanámskeið á vegum bæjarfélagsins en að sögn starfsmanna hefur í einhverjum tilfellum orðið misbrestur þar á.

2.2.2. Starfsþróunarsamtöl

Í greinargerð stjórnenda um starfsþróunarsamtöl kemur fram að árið 2015 verði tekið upp nýtt verklag þar sem verkefnastjórar ásamt skólastjórnendum sjái um framkvæmd þeirra til

⁶ Ánægjukönnun starfsmenn febrúar 2015.

⁷ Krikaskóli- vinnustaðagreining gögn frá skóla.

að létta á stjórnendum. Framkvæmd viðtalanna er á þann veg að starfsmenn eru boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og fá þeir undirbúningsblað. Í viðtölum sé stuðst við eyðublað⁸ sem geymt sé hjá launadeild skólans. Starfsmenn geta óskað eftir að ákveðinn einstaklingur sjái um framkvæmd viðtalsins. Fram kom meðal starfsmanna að ekki séu allir sáttir við að verkefnastjórar sjái um samtölin. Umfjöllun um starfsþróunarviðtöl er að finna í starfsmannahandbók fyrir starfsmenn Mosfellsbæjar en hún er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Árið 2014 fóru 91% starfsmanna í starfsþróunarsamtal.⁹

2.2.3. Jafnrétti

Skólinn fylgir jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun. Þar kemur fram að *allir einstaklingar skulu eiga jafnan möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni*. Í áætluninni er sett fram markmið, aðgerðir, ábyrgð og tímamörk.¹⁰ Fram kom í öllum hópum að jafnréttis milli kynja sé gætt í skólanum og er það sá þáttur sem kemur hæst út í viðhorfskönnun 2013 og 2014. Skólastjóri segir fleiri karlmenn nú sækjast eftir störfum í skólanum og óski jafnhæfir einstaklingar af hvoru kyni eftir starfi sé karlmaðurinn ráðinn. Það viðhorf kom fram hjá starfsfólki að mjög gott sé að hafa bæði kynin að störfum með börnunum. Að sögn skólastjóra er ekki launamunur á kynjum í sambærilegum störfum.

2.2.4. Sí- og endurmenntun

Skólinn hefur símenntunaráætlun. Í áætluninni kemur fram að hún taki mið af stefnu og hugmyndafræði skólans, starfsáætlun, þróunarstarfi og óskum starfsfólks. Áætlunin er gerð fyrir hvert skólaár en forgangsöröðun er í höndum stjórnenda. Sí- og endurmenntun starfsfólks fyrir skólaárið 2014-2015 felur m.a. í sér þátttöku í þróunarstarfi, starfsendarannsóknir, byrjendalæsi, skólanámskráargerð o.fl. Í áætluninni segir: *mismunandi fræðsla hentar starfsfólki skólans sem hefur ólíkan bakgrunn og mismunandi hlutverk í skólasamfélaginu. Til að starfsfólk auki við þekkingu, efli starfshæfni og nýti hæfileika sína til að takast á við dagleg verkefni er það hvatt til að nýta sér tækifæri til símenntunar bæði á vegum skólans og annarra aðila. Leitast er við að gæta jafnræðis og taka tillit til óska starfsfólks og aðstæðna. Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun en er ýmist boðið að sækja námskeið eða geta sótt um til skólastjóra í starfsþróunarsamtölum eða með óformlegri hætti. Þannig greiðir skólinn ýmist laun starfsmanns og þáttökugjald, kostnaði er skipt, eða starfsmaður fjármagnar símenntun sjálfur. Þá vega þættir eins starfstengd þörf, tími námskeiðs innan/utan vinnutíma og eru ákvarðanir í samráði við skólastjóra hverju sinni*.

⁸ Eyðublað fyrir starfsþróunarsamtal.

⁹ Greinargerð stjórnenda um starfsþróunarsamtöl.

¹⁰ Jafnréttisáætlun Krikaskóla.

*það sama á einnig við um ráðstefnur.*¹¹ Kennarar segjast sammála því sem fram kemur í áætluninni og að stjórnendur hvettu þá til að nýta sér símenntun. Í starfsmannakönnun Mosfellsbæjar 2013 og 2014 fer fullyrðingin *Ég hef tækifæri til að þróast í starfi og efla hæfni mína* úr aðgerðabili árið 2013 í starfhæft bil 2014, þ.e. 3.89.

Að sögn leikskólakennara er mikið framboð fyrir þá t.d. hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og svonefnd Kraganámskeið, þ.e. sameiginleg námskeið fyrir starfsfólk leikskóla á vegum Mosfellsbæjar, Kópavogs, Garðabæjar, Seltjarnarness og Hafnarfjarðar. Grunnskólakennarar segja framboðið nokkurt en námskeiðin séu yfirleitt á kennslutíma eða í sumarleyfi. Sumir kennarar hefðu nýtt hluta sumarleyfis síns til endurmenntunar. Leikskólakennarar segjast eiga erfiðara með að sækja námskeið en grunnskólakennarar þar sem teymið um námshópinn sér um að leysa grunnskólakennara af. Kennararnir þurfa að standa stjórnendum skil á hvaða endurmenntun þeir sækja.

2.3. Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Verðlaunasamkeppni var haldin í Mosfellsbæ árið 2007 um uppbyggingu Krikaskóla. Verðlaunahópurinn, *Bræðingur*, byggði grunnhugmynd skólans á lýðræðislegum vinnubrögðum, einstaklingsmiðuðu námi og að efla reynslu og virkni barna með því að bjóða upp á raunveruleg verkefni og viðfangsefni. Bygging og lóð voru hönnuð til að styðja við og styrkja þessar hugmyndir og verklag. Stefna skólans er *útfærsla á aðalnámskrá leik- og grunnskóla, skólastefnu Mosfellsbæjar og hugmyndum Bræðingshópsins*.¹² Skólastefna sveitarfélagsins var samþykkt árið 2002, síðast endurskoðuð 2010. Skólastefnan skiptist í fimm áherslukafla og skilgreind leiðarljós og markmið. Þeir eru skólastarf, mannauður, umgjörð og stuðningur, samfélagið og umhverfið. Í stefnunni kemur fram að skólastefnan sé sett fram sem framtíðarsýn að öflugu skólasamfélagi. Hana skal hafa að leiðarljósi við gerð skólanámskrár og vera stjórnendum uppeldisstofnana sveitarfélagsins leiðarvísir í uppbyggingu starfseminnar.¹³

2.4. Hugmyndafræði, stefna og áherslur þættir skólans

Skólinn hefur sett sér stefnu um framsækið skólastarf en hugtakið er almennt notað þegar skólar fara óhefðbundnar leiðir að markmiðum sínum. Skólastefnan einkennist af heildstæðu uppeldis- og skólastarfi og mótast skólastarf mikið af samsetningu skólans og aldri.¹⁴ Lykilatriði stefnunnar eru eftirfarandi:

¹¹ Símenntunaráætlun Krikaskóla 2014-2015.

¹² Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

¹³ Skólastefna Mosfellsbæjar.

¹⁴ Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015

- *Að stuðla að framsæknu skólastarfi í anda hugmyndafræðinnar þar sem lögð er áhersla á að barnið sá virkur og skapandi þátttakandi í námi og starfi.*
- *Að efla og styrkja starfsfólk skólans í því að starfa eftir þeirri hugmyndafræði, að hún verði sýnileg í námi og starfi barna og fullorðinna í skólasamfélaginu.*
- *Að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð við uppbyggingu skólans, að hlusta á raddir allra starfsmanna við skipulagningu á námi og starfi.*
- *Að hlusta á raddir barnanna í skólanum með það að markmiði að koma sem best til móts við óskir þeirra og væntingar ásamt því að endurmeta það starf sem fram fer í skólanum.*
- *Að stuðla að því að skapa umhverfi þar sem börnum og fullorðnum líður vel, umhverfi þar sem sýnd er umhyggja, virðing og jákvæðni gagnvart sérhverri manneskju.¹⁵*

Stefnan birtist m.a. í nokkrum þáttum sem lýsa því frekar hvernig skólinn *markar sér sérstöðu í því að taka ábyrgð á sínu samfélagslega verkefni að mennta nemendur í öruggu umhverfi*. Þættirnir eru eftirfarandi:¹⁶

- *Gildi, leiðarljós, uppeldis- og kennslufræðileg sýn til kennsluhátta skólans*
- *Stefna og stefnuþættir skólastarfsins*
 - *Grunnþættir menntunar og forvarnir*
 - *Símenntun, þróunarstarf og innra mat skóla*
 - *Foreldrasamstarf, upplýsingamiðlun og mótun skólasamfélags*
 - *Samstarf og tengsl skólastiga og við nærumhverfið*
 - *Aðrar áherslur skóla.*

Í stefnunni er jafnframt komið inn á símenntun, þróunarstarf, innra mat, foreldrasamstarf, upplýsingamiðlun, mótun skólasamfélags, tengsl skólastiga og nærumhverfi. Einnig hefur skólinn sett sér stefnu um hvern grunnþátt, sjá nánar kafla 2.3.1. Gildi skólans eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Í skólanámskrá segir að skólinn efli virðingu á ýmsan hátt með markvissu innra starfi með börnum. Jákvæðni sé ræktuð með fjölbreyttum hætti, vináttu og sveigjanleika í starfi, framsæknar hugmyndir séu partur af þróun skólans og að umhyggja sé grunnurinn að mörgum ákvörðunum og nálgunum í samfélagi skólans. Uppeldis- og kennslufræðileg sýn skólastarfsins byggir á hugmyndafræði *John Dewey*. Einkunnarorð hugmyndafræðinnar eru að nemendur eigi að læra með því að framkvæma (*e. Learning by doing*). Einnig styðst skólinn við hugmyndir um lýðræðislegt skólastarf og lögð er áhersla á að leikur sé helsta námsleið barnsins og er hún

¹⁵ Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

¹⁷ Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

nýtt fyrir alla aldurshópa bæði frjáls leikur og tengdur námsmarkmiðum. Námsmarkmið stýra verkefnum fremur en námsbækur og raunveruleg verkefni sem tengjast reynsluheim barnsins eru mikilvægur þáttur. Uppeldisstefna skólans byggir á jákvæðum aga og sjálfstjórnarkenningum.¹⁷ Í minnisblaði vegna endurskoðunar starfsáætlunar skólans kemur fram að skólinn vinni nú að gerð læsisstefnu sem nái til allra árganga skólans en áætlað er að vinnu við hana ljúki skólaárið 2015-2016.¹⁸ Skólinn hefur sett sér forvarnaráætlun í tengslum við verkefnið *Heilsueflandi skóli*.¹⁹

Eins og áður hefur komið fram er stefna skólans *útfærsla á aðalnámskrá leik- og grunnskóla, skólastefnu Mosfellsbæjar og hugmyndum Bræðingshópsins*. Stefnan hefur verið í stöðugri endurskoðun og fram kom hjá viðmælendum í úttektinni að allir starfsmenn skólans, nemendur og foreldrar hafa komið að þeirri vinnu. „Fólk þarf að hugsa og tala sig inn í þetta” segir skólastjóri. Starfsfólk hefur unnið í teymum þar sem einn í teyminu hefur leitt vinnuna, fundir hafa verið með þjóðfundarsniði m.a. fyrir nemendur og foreldra og kannanir sendar út. Þá funda nemendur reglulega með skólastjóra um það sem er gott og það sem betur má fara í skólastarfinu sem innlegg í stefnumótun hans.

Í lokaverkefni Ívars Arnar Reynissonar til M.Ed. prófs, *Framsækið skólastarf*, frá árinu 2013 kannar hann m.a. hvernig stefna Krikaskóla og aðferðir í skólastarfi endurspeglu hugmyndafræði og kenningar sem skólinn leggur til grundvallar. Helstu niðurstöður benda til að kenningar sem starfað er eftir séu fremur augljósar í daglegu starfi skólans. Skólastjórnendur hafi góða þekkingu á hvernig eigi að nýta þær og kennarar séu áhugasamir og undir skýrum áhrifum kenninganna.²⁰

2.4.1. Grunnþættir menntunar

Í endurskoðaðri námskrá fyrir Krikaskóla skólaárið 2014-2015 eru grunnþættir menntunar fléttaðir inn í allt starf skólans. Að sögn skólastjóra var samvinna milli leikskóla í Mosfellsbæ skólaárið 2013-2014 um fræðslu til allra starfsmanna um grunnþætti menntunar en grunnskólar bæjarins sameinuðust einnig um slíka fræðslu fyrir grunnskólakennara. Einnig hafi verið farið yfir alla grunnþætti innan skólans til að samræma sjónarmið og fjalla um þá út frá skólastarfinu í Krikaskóla. Þar hafi bæði verið unnið þvert á skólanna með aðkomu allra starfsmanna sem og árgangatengt.²¹ Eftirfarandi umfjöllun um grunnþættina er tekin upp úr skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.²²

¹⁷ Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

¹⁸ Minnisblað-Endurskoðun starfsáætlunar Krikaskóla 2014-2017.

¹⁹ Forvarnaráætlun Krikaskóla.

²⁰ Framsækið skólastarf-Ívar Örn Reynisson.

²¹ Greinargerð stjórnenda um grunnþætti menntunar.

²² Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

2.4.1.1. Heilbrigði og velferð

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um grunnþáttinn heilbrigði og velferð. *Líðan barna í skólanum er lykilatriði fyrir skólastarfið. Leggja skal sérstaka rækt við líðan barna og geðheilbrigði þeirra. Mikilvægi heilsusamlegs lífennis, næringar, svefns og hreyfingar skal fléttað inn í daglegar venjur og þemavinnu með fjölbreyttum hætti.*

Einstakir stefnuþættir:

- Líðan barna. Ein helsta áhersla skólans er að börnum líði vel í daglegu starfi og við dvöl í skólanum. Góð andleg líðan er undirstaða náms. Til uppfylla þær kröfur er lögð sérstök áhersla á jákvæð samskipti, góð félagsleg tengsl og gott jafnvægi milli þátta skólastarfsins. Þar er meðal annars átt við jafnvægi milli kennslu, leiks og hvíldar. Jafnvægi milli kennarastýrðra verkefna og frjálsræðis og svo framvegis.
- Hreinlæti. Börnum er kennt að huga að eigin hreinlæti eftir aldri og getu. Skólinn býður upp á góða aðstöðu fyrir öll börn til að huga að eigin hreinlæti, til að mynda eru vaskar og salerni í viðeigandi hæð fyrir aldurshópa. Einnig er hugað að slíkum þáttum í sameiginlegum leik og kennslurýmum skólans s.s. list-og verkgreinaaðstöðu.
- Útivist og hreyfing er einn lykilþátturinn í starfi skólans. Skólasvæðið býður upp á mjög fjölbreytt tækifæri til hreyfingar bæði innan dyra sem utan. Vettvangsferðir og útikennsla er mikilvægur liður í öllu skólastarfinu og er skipulagningu háttað þannig að jafnvægi skapist. Allir árgangar eru með skipulagðar vettvangsferðir í sínum kennsluáætlunum og kennarateymin hafa mjög frjálsar hendur með að nýta sér nánasta umhverfi skólans.
- Slökun og hvíld. Öllum börnum skólans er gefin kostur á hvíld og/eða slökun eftir þörfum og aldri.

2.4.1.2. Jafnrétti

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um grunnþáttinn jafnrétti. *Að leitast við að koma til móts við öll börn eins og hægt er, til þess að auka vellíðan og þroska þeirra á meðan á námi stendur. Aðstaða barna til náms og annarra þátta skólastarfsins skal vera jöfn, óháð kynferði, kynhneigð, útliti, trúarskodun eða uppruna.*

Einstakir stefnuþættir:

- Að hlustað sé á raddir allra í daglegu starfi í skólanum.
- Að hlustað sé á raddir allra í öllum aðstæðum, t.a.m. í leik og í starfi hvort sem það er í námsumhverfi barnanna, matsal, útiveru eða frístundastarfi.

- Að tekið sé mark á skoðunum og tilfinningum allra.
- Að jöfn virðing sé borin fyrir öllum einstaklingum óháð kyni, kynþætti, uppruna, aldri, starfsheiti o.fl. samkvæmt námskrá.
- Að allir átti sig á að við höfum sama rétt og að mismunun á ekki að eiga sér stað.
- Allir hafi jafnan rétt á að segja sína skoðun og lýsa sínum áhyggjum ef einhverjar eru.
- Að öll börn hafi jöfn tækifæri til náms. Einstaklingsþörfum sé mætt.

2.4.1.3. Lýðræði og mannréttindi

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um grunnþáttinn lýðræði og mannréttindi. *Að börnin í Krikaskóla eigi rétt á að tjá sig og á þau sé hlustað. Skólinn leggur sig sérstaklega fram um að fjölbreytileiki mannlífsins fái að dafna innan skólans.*

Einstakir stefnuþættir:

- Börn í Krikaskóla þekkja lýðræði í gegnum val á öllum deildum.
- Öll börn í Krikaskóla eiga rétt á að tjá sig í samræmi við getu sína og þroska, og að á þau sé hlustað.
- Krikaskóli tryggir og leggur sig sérstaklega fram um, að börn með fötlun búi við aðstæður sem stuðli að virðingu þeirra, sjálfsbjörg og virkri þátttöku í samfélagi Krikaskóla.
- Barnafundir og/eða samverustundir þar sem börnin taka virkan þátt í samræðum, hlusta á hvert annað og skiptast á skoðunum. Eflast þau þannig í að bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum.
- Börnin hafa ákveðin hlutverk og eftir því sem börnin eldast verða hlutverkin fleiri og fjölbreyttari.
- Börnin kynnast stofnunum samfélagsins með heimsóknnum og vettvangsferðum.
- Börnin kynnast menningu og listum, m.a. með heimsóknnum listamanna í skólann og í vettvangsferðum.
- Allir taka þátt í að móta menningu Krikaskóla með ýmsum viðburðum.

2.4.1.4. Læsi

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um grunnþáttinn læsi. *Að börn og starfsmenn séu læsir á félagslegt umhverfi sitt, beri virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Geri sér grein fyrir þörfum sínum, styrkleikum og þekki sig sem sjálfstæðan einstakling. Börnin ná í að þroska og tileinka sér gagnrýna hugsun.*

Einstakir stefnuþættir:

- Að börnin efli samskiptafærni sína, virðingu og jákvæðni. Aðferðir jákvæðs aga miða við aldur og þroska barnanna. Starfsmenn séu góðar fyrirmyndir.
- Að börn nái að lesa í aðstæður. Börnin tileinka sér félagslegar leikreglur sem eru mismunandi eftir aldri og þroska.
- Að barnið geri sér grein fyrir t.d. hvernig þarf að klæða sig eftir veðri.
- Veðurfræðingur og fleiri hlutverk sem börnin sinna.
- Börnin læri umgengnisreglur bæði úti og inni við.
- Efla sjálfsmynd og vinna með styrkleika hvers og eins. Styrkleikar allra fá að njóta sín.
- Að vinna með mismunandi tilfinningar – að geta lesið í aðstæður.
- Tæknilæsi sé eflt með því að börn fái tækifæri til að nýta sér tækni til náms og skemmtunar.
- Samvinna er eðlilegur þáttur í skólastarfinu, teymisvinna og hópavinna. Að börnin miðli upplýsingum, læri að taka eftir, virða ólík sjónarmið félaga og rýni til gagns.
- Lestrarstefna Krikaskóla þar sem fjallað er um Leikskólalæsi – Byrjendalæsi.

2.4.1.5. Sjálfbærni

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu um grunnþáttinn sjálfbærni. *Að börn komi auga á, skynji og skilji samhengi hlutanna eftir aldri og þroska hverju sinni.*

Einstakir stefnuþættir:

- Unnið með jákvæðan aga sem eykur hæfni barna til lýðræðis og sjálfbærni. Svo sem samlíðan með fólki, gagnrýna hugsun og samskipti.
- Útikennsla. Þar er unnið, meðal annars, með virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Skilningur aukinn á hringrás og fyrirbærum náttúrunnar, sem og meðvitund og virðing fyrir nærumhverfi barnsins.
- Vettvangsferðir sem auka víðsýni og efla reynslu barna m.a. af listum og menningu.
- Barnafundir þar sem rædd eru ákveðin málefni eftir aldri og þroska barnanna. Börnin leggja fram sínar hugmyndir og tillögur að lausnum.
- Þjóðfundir með 8 og 9 ára börnum. Þar er farið yfir mat þeirra á starfi skólans og aðstæðum.

2.4.1.6. Sköpun

Skólinn starfar á grundvelli eftirfarandi stefnuþátta um grunnþáttinn sköpun. *Að börn og starfsfólk hafi það að leiðarljósi að sköpun er ferli sem byggist á ímyndunarafli og að niðurstæðan sé í senn frumleg og hafi gildi.*

Einstakir stefnuþættir:

- Að stutt sé við að börnin hafi frelsi til að finna sínar eigin skapandi leiðir í öllum námsþáttum.
- Skipulag skólahúsnæðis og skólastarfsins er opið og sveigjanleg sem ýtir undir sköpunargleði barnanna.
- Samvinna á milli árganga örvar ímyndunarafl barnanna.
- Notaðar eru fjölbreyttar kennsluáðferðir þar sem ímyndunarafl barnanna hefur áhrif á lausnarleit þeirra.
- Frjáls leikur sem örvar skapandi hugsun og ímyndunarafl.
- Könnunarleikur – barn uppgötvar sjálft möguleika og eðli efniviðar.
- Holukubbar og einingakubbar – skapa börnum óendanleg tækifæri til uppgötvunar og tilrauna með hugmyndir sínar og annarra.
- Allur opin efniviður sem vekur tækifæri til að sýna frumleika og veitir ánægju.
- Vekja forvitni hjá barninu og hjálpa því að viðhalda forvitni.
- Vera hér og nú. Grípa þau tækifæri sem gefast til sköpunar hverju sinni.

2.5. Samræmdur árlegur starfstími beggja skólastiga

Í greinargerð stjórnenda um samræmdan árlegan starfstíma beggja skólastiga kemur fram að samþætting á milli skólastiga sé ein af grunnstöðum þess að hægt sé að líta á skólann sem eina heild og mynda samfellu í starfi nemenda og starfsfólks. Frídagar grunnskólabarna eru því færri í Krikaskóla en í öðrum skólum og engir skertir dagar t.d. í tengslum við skólasetningu, foreldraviðtöl eða jólaskeiðunum. Allir skóladagar eru heilir en með óhefðbundnu sniði. Þó eru dagar þar sem frí er í grunnskóla en ekki leikskóla s.s. kringum jól og páska en ávallt er þá grunnskólanemendum boðið upp á frístundastarf. Aukalega er greitt fyrir þá þjónustu.²³

Skóladagatal Krikaskóla er 200 dagar í stað hefðbundinna 180 daga eins og er í öðrum grunnskólum Mosfellsbæjar. Námi barna er dreift á fleiri daga og vikulegar kennslustundir (27) því færri en í öðrum skólum (30). Nemendur í 1. – 4. bekk eru í skólaskyldu námi frá 9:00-14:00/15:00 en innan þess tíma er gert ráð fyrir kennslu og frístundarstarfi sem kennarar sinna ásamt stuðningsfulltrúum. Kennsluskylda grunnskólakennara í fullu starfi við skólann eru 23 kennslustundir á viku og þar af er hver kennari með tvær klukkustundir að meðaltali á viku í frístundastarfi með nemendum en list- og verkgreinakennarar meira þar sem annars næðist ekki að fylla starfshlutfall þeirra. Í

²³ Greinargerð stjórnenda um samræmdan árlegan starfstíma beggja skólastiga.

frístundatíma, sem rúmast innan skólaskyldu, er lögð sérstök áhersla á aukið vægi list- og verkgreina ásamt útivist og hreyfingu.

Kennslustundafjöldi er sá sami í Krikaskóla og í öðrum skólum en viðvera meiri. Í Krikaskóla er t.d. viðvera (skólaskylda) í þriðja bekk frá kl. 9:00-15:00 í 200 skóladaga eða 1200 klukkustundir á ári. Til samanburðar má nefna skóladag frá kl. 8:00-13:00 í 180 skóladaga eða 900 klukkustundir á ári. Þá er ekki gert ráð fyrir neinum skertum dögum.

Stefna skólans um forföll er að ef *kennari úr teymi er veikur fellur kennsla ekki niður heldur sér teymið um kennsluna. Viðmiðið hefur verið að afleysing er sett inn eftir þriggja daga fjarveru sama kennara. Bregðast þarf hraðar við ef teymið samanstendur af tveimur kennurum og stuðningsfulltrúa heldur en ef teymið telur þrjá eða fjóra kennara ásamt stuðningsfulltrúum. Í apríl 2015 hafði almenn kennsla hvorki verið felld niður á skólaárinu né nemendur skólans sendir fyrr heim en kennsla í sundi og list- og verkgreinum hefur fallið niður vegna forfalla.²⁴*

Að sögn stjórnenda er um aukna þjónustu að ræða bæði með kennslustunda og frístundatíma innan skólaskyldu. Þátttaka grunnskólakennara í frístundastarfi með börnum hafi skilað aukinni kennslu til barna en sá tími er nýttur í fjölbreytt verkefni með nemendum s.s. sögustund, útivist, hreyfingu, myndlist, smíði, tónlist o.fl. Samið er um aðkomu kennara að frístundastarfinu. Kennarar skipta með sér verkum og fá þannig flestir verkefni við hæfi. Áður var verkefnum dreift jafnt á kennara en það mældist misjafnlega fyrir.²⁵

Meiri sveigjanleiki í skólastarfi er vegna starfstímans. Heimanámsaðstoð flæðir inn í frístundartíma sem kennarar stýra. Mikil teymisvinna og samstarf er innan skólans. Kennarar undirbúa sameiginlega og starfa saman við kennslu. Í kjölfarið fá kennarar meiri faglega ábyrgð. Lögð er áhersla á að faglegt mat kennara fái að njóta sín til að efla námslega þætti sem og félagslega. Skólastjóri segir flæði kennslu og annarra starfa með nemendum orðið mjög gott og meiri sveigjanleiki sé til að vinna með nemendahópinn eftir þörfum s.s. samskiptafærni eða stærðfræðivika.²⁶

Kennarar eru losaðir úr sínu hefðbundna starfi í eina viku, 40 klukkustundir á ári, til að sinna starfendarannsóknum. Á þeim tíma vinna kennarar að viðfangsefnum sem hafa þýðingu fyrir viðkomandi kennara, skólaþróun skólans eða viðkomandi árgangs. Einnig hefur aukatími verið nýttur til að dreifa álagi í skólastarfinu. Gefið er rými til borðhalds,

²⁴ Greinargerð stjórnenda um forfallakennslu.

²⁵ Greinargerð stjórnenda um samræmdan árlegan starfstíma beggja skólastiga.

²⁶ Greinargerð stjórnenda um samræmdan árlegan starfstíma beggja skólastiga.

útivistar, hvíldar, leiks o.fl. Taktur dagsins tekur því mið af því sem hefðbundið gerist í leikskólastarfi fremur en grunnskólastarfi.²⁷

Grunnskólakennarar segja skipulag starfsins og lengingu skólaársins gefa mikið svigrúm til fjölbreytts skólastarfs og samstarfs leik- og grunnskóla. Dregið hafi úr tímabundnu álagi, s.s. í maí, og júní nýtist mjög vel til alls kyns útikennslu og náttúrufræðiverkefna. Þá sé aukinn sveigjanleiki til að sinna félags- og samskiptamálum. Það viðhorf kom fram hjá þeim sem mest koma að starfi með nemendum með sérþarfir að þessir viðbótardagar séu „mikill lykill að skóla án aðgreiningar”. Það skapist meiri sveigjanleiki til að mæta börnunum. Kennsla hefst kl. 9:00 en börnin geta mætt frá 7:30-9:00. Teymi starfsmanna funda milli 8 og 9 hvern dag og undirbúa daginn. Þetta fyrirkomulag hefur mælst mjög vel fyrir að sögn starfsmanna. „Gott í teymisvinnu að ná að hittast um morguninn og ræða vandamál fyrri dags eða skipuleggja daginn framundan.” Foreldrar séu mjög ánægðir með að sumarfrí í skólum séu nær því sem gerist á almennum vinnumarkaði. Ánægja foreldra bæði með fyrirkomulag nám og námstíma staðfestist m.a. á fundi með stjórn foreldrafélags, fræðslunefnd og fulltrúum skólaskrifstofu. Nemendur, sem rætt var við, sögðu flestir allt gott við skólann s.s. góðir kennarar, gaman að læra, sjaldan einelti og skemmtilegir krakkar og ágætt að vera í skólanum í júní. „Gaman þegar maður er úti. Erum að leika úti og alls konar og stundum að læra um náttúruna... Stundum að telja tré... Erum að læra að vera góður við náttúruna, stundum stærðfræði, mæla steina og prik. Það er betra fyrir foreldrana, ekki vesen í vinnunni.”

Grunnskólakennarar fá sex vikna sumarfrí en að þeirra sögn hentar það ekki öllum kennurum, þrátt fyrir hærri laun en hingað til hafi verið. Þeir sem starfi í Krikaskóla hafi hins vegar valið þetta fyrirkomulag og líki vel. Eftir nýja kjarasamninga muni hins vegar minna á launum þeirra og kennara í öðrum skólum þar sem verið sé að endurskoða vinnumat í öðrum skólum og færa nær því sem er í Krikaskóla. Greiddir hafa verið 7 launaflokkar ofan á röðun hvers kennara fyrir að starfa í Krikaskóla. Hluti þess hefur verið fyrir þá heimild að dreifa vinnu kennara á 200 daga í stað 180 daga. Kennarar leggja ekki fram aukna vinnu, þeir vinna áfram 1800 vinnustundir á ári en verið er að dreifa vinnu á annan hátt en lagt er upp með í kjarasamningi. Vinnuframlag hvers kennara í Krikaskóla er 38.7 vinnustundir á viku en kennara í almennum skóla 42,86 vinnustundir á viku.²⁸

Fram kom hjá stjórnendum, deildarstjórum í leikskóla og starfsmönnum skólaskrifstofu að tekið hafi tíma að finna flöt á samstarfi leik- og grunnskólakennara. Kjarasamningar séu þar stýrandi og þurft hafi að finna ýmsar leiðir og að haldgód þekking skólastjóra á kjarasamningum hafi skipt miklu. Ekki séu alltaf allir 100% ánægðir. Eitt af

²⁷ Greinargerð stjórnenda um samræmdan árlegan starfstíma beggja skólastiga.

²⁸ Upplýsingar frá skólastjóra.

forgangsverkefnum framundan sé að auðvelda samstarf leik- og grunnskólakennara svo skapa megi betri heild í hópnum.

Helstu gallar lengra skólaárs sem nefndir voru í úttektinni voru að samfélagið væri ekki í „sama takti“ t.d. væri íþróttastarf barna mikið í sveitarfélaginu í júní. Börn sem æfðu íþróttir gætu misst af æfingum en almennt væri auðfengið að fá leyfi fyrir þau úr skóla.

2.6. Húsnæði og aðbúnaður

Mikil vinna var lögð í hönnunarferli skólans svo húsnæðið mætti henta starfsemi hans. Að sögn stjórnenda styður hönnunin við skólastarfið m.a. með mjög fjölbreyttum rýmum og að húsnæðið sé heppilegt fyrir sérkennslu. Ekki hafi þurft að breyta miklu eftir á og vel sé hugað að öryggi. Almenn ánægja kom fram með húsnæðið í úttektinni en kennarar sem koma að íþróttakennslu segja hljóðvist í íþróttasal slæma og salurinn full þröngur fyrir sumar íþróttir. Aðrir bentu á aðstaðan miðist við aldur barnanna og að stutt sé í aðra íþróttasali sem hægt sé að nýta. Hluti íþróttakennslu er einnig partur af útikennslu sem að sögn skólastjóra þarf að þróa betur og mikilvægt að nýta útisvæði og útiíþróttir markvissar.

2.7. Lög og reglugerðir

Krikaskóli tók til starfa árið 2008 og því starfað frá upphafi eftir lögum um grunnskóla frá árinu 2008. Ný lög og reglugerðir hafa því ekki leitt til breytinga á kostnaði.

2.8. Hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshruns

Hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshrunsins hafa haft sín áhrif að sögn skólastjóra. Skólinn hafi haft minna svigrúm til að eiga samtalið, s.s. um skólanámskrá. Starfsmannafundir voru felldir inn í skóladaginn og dregið úr yfirvinnu og minna fjármagn til að funda utan dagvinnutíma. Það hafi t.d. gert skólanum erfiðara fyrir að ná til leikskólahópsins sem sé örðugra að boða á fundi innan dagvinnutíma. En svigrúmið hafi nú aukist hjá leikskólunum þar sem meiri samráðstíma hafi verið bætt þar inn.

2.9. Mat úttektaraðila

- Skólinn hefur mótað stefnu sem byggir á aðalnámskrá leik- og grunnskóla, skólustefnu Mosfellsbæjar og hugmyndum Bræðingshópsins (sjá kafla 2.1). Stefna skólans byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum, einstaklingsmiðuðu námi og að efla reynslu og virkni barna. Stefnan hefur verið uppfærð reglulega í tengslum við endurskoðun skólanám og gerð er þar grein fyrir grunnþáttum menntunar.
- Nemendur skólans eru nú 203 og hefur fjölgað jafnt og þétt frá stofnun hans.
- Tæp 58% starfsmanna skólans hafa lokið prófi úr háskóla þar af hafa 12% lokið meistaranámi eða viðbótarnámi án meistaragráðu. Allir kennarar á grunnskólastigi hafa réttindi til kennslu í grunnskóla en hlutfall leikskólakennara í leikskólastigi er 23% en 15% starfsmanna á leikskólanum hafa aðra háskólamenntun. Leita þarf leiða til að hækka hlutfall kennara í leikskólahluta skólans.
- Í könnun skólans í febrúar 2015 segist meirihluti starfsmanna ánægðir í vinnunni. Óánægja var hins vegar í starfsmannahópnum áður skv. starfsmannakönnunum Mosfellsbæjar. Rýna þarf vel í starfsmannaveltu og niðurstöður árlegrar starfsmannakönnunar, hún sé kynnt í fræðslunefnd og unnin aðgerðaráætlun með starfsmönnum sveitarfélagsins.
- Lýsingar á hlutverki starfsmanna liggja fyrir.
- Skólinn hefur verkferli um móttöku nýrra starfsmanna og ríflega 91% starfsmanna fóru í starfsþróunarsamtöl árið 2014. Ekki virðist ríkja sátt um nýtt fyrirkomulag samtalanna þar sem verkefnastjórar ásamt stjórnendum munu sjá um þau. Æskilegt er að sá sem tekur samtalið hafi góða yfirsýn yfir verkefni og frammistöðu starfsmanna.
- Skólinn hefur sí- og endurmenntunaráætlun. Stjórnendur hvetja starfsmenn til að sækja endurmenntun og þurfa starfsmenn að standa skil á þeirri endurmenntun sem þeir sækja. Þá hafa kennarar mikið svigrúm til starfsendarannsókna. Framboð er mikið fyrir starfsfólk leikskóla og nokkurt fyrir grunnskólakennara.
- Skólinn hefur jafnréttisstefnu og -áætlun. Jafnréttis virðist gætt meðal starfsfólks en jafnrétti var sá þáttur sem koma hæst út í viðhorfskönnunum 2013 og 2014 en leitast ætti enn frekar við að hækka hlutfall karlmanna í starfmannahópnum en þeir eru nú 13% starfsmanna.
- Áhrif þess að hafa samræmdan árlegan kennslutíma fyrir bæði skólastigin eru almennt jákvæð. Þar má nefna meiri sveigjanleika í skólastarfinu og aukið svigrúm til fjölbreytts skólastarfs og að sinna nemendum með sérþarfir og öðrum félags- og samskiptamálum, að skil milli leik- og grunnskóla eru ekki eins skörp, mikla

teymisvinnu, aukið flæði kennslu og annarra starfa með nemendum, fleiri tækifæri til útikennslu, jafnara álag í starfinu, aukið svigrúm kennara til starfendarannsókna og mikla ánægja foreldra og nemenda.

Við skólann starfar nú kjarni sem hefur aðlagast starfinu vel en ljóst er að skipulag skólans, lengri árlegur skólatími grunnskólakennara og kennslufræðileg nálgun virðist ekki henta öllum starfsmönnum og nokkur starfsmannavelta er í hópnum. Þá hefur tekið tíma að finna flöt á samstarfi leik- og grunnskólakennara þar sem kjarasamningar eru stýrandi. Tekið er undir að eitt af forgangsverkefnum framundan sé að auðvelda samstarf leik- og grunnskólakennara svo skapa megi enn betri heild í hópnum.

- Hagræðingaraðgerðir sveitarfélags virðast um tíma hafa haft nokkur áhrif á faglegt starf hans, s.s. vinnu við skólanámskrá en úr því hefur verið bætt.
- Hönnun skólans styður mjög vel við skólastarfið m.a. með mjög fjölbreyttum rýmum og hentar húsnæði skólans einkar vel fyrir þá fjölbreyttu kennsluhætti sem þar eru.
- Skólinn nýtir bókasafn sveitarfélagsins sem uppfyllir þarfir skólans.

3. SKÓLANÁMSKRÁ

Kennarar vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverju skólastigi. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrir mæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá.²⁹

Skólanámskrá Krikaskóla samanstendur af starfsáætlun skólans, skóladagatali og árganganámskrám. Hún er að sögn stjórnenda endurskoðuð árlega, síðast á skólaárinu 2014 – 2015 og var gefin út formlega í apríl. Í námskránni er fjallað um sögu og starfsemi skólans, skólastefnu sveitarfélagsins, stefnu skólans, skólastarf eftir aldursflokkum, námsgreinar, samþættingu grunnþátta, sjálfsmat skólans, kennsluáætlanir, skólareglur og meðferð mála og hverjir koma að gerð skólanámskrár.³⁰

Í skólanámskrá kemur fram að hún sé unnin í samstarfi margra. Allir starfsmenn hafi komið að verkinu frá stofnun skólans en í nýjum þróunarskóla séu breytingar stundum hraðar. Þá hafa börn og foreldrar hist og átt samtöl um skólastarfið.³¹ Aðkoma þessara aðila að vinnu við námskrá skólans staðfestist í úttektinni og fram kom að búið er að kynna hana fyrir fræðslunefnd og skólaráð hefur fjallað um hana. Einnig kom fram að lengri tíma hafi tekið að vinna námskrána en æskilegt hefði verið vegna starfsmannabreytinga og stjórnendur segja að flókið geti verið að ná starfsmannahópnum saman í slíka vinnu þar sem taka þurfi tillit til fimm til sex kjarasamninga.

3.1 Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags

Fram kemur í skólanámskránni að frá upphafi skólans hafa verið tekið mið af nýjum lögum, aðalnámskrá 2011 grunnþáttum menntunar og skólastefnu sveitarfélagsins. Stjórnendur og fulltrúar í fræðslunefnd staðfesta þetta.

3.2. Tengsl skólastiga

Skólinn hefur sett sér stefnu varðandi samstarf og tengsl skólastiga. Þar segir að samsetning skólans og þróunarstarfs hans liggi til grundvallar stefnunni. *Skólastarfið gengur út á að vinna með samþættingu leik- og grunnskóla sem og samþættingu grunnskólastarfs og frístundar.* Að sögn stjórnenda og starfsmanna er mikið samstarf milli leik- og grunnskólastigs enda sé það eitt af grunnatriðunum í starfi skólans. Náms í íslensku, stærðfræði og ensku er á efstu stigum leikskólans og 5 - 7 ára börn blandast í svonefndum

²⁹ Aðalnámskrá leikskóla og grunnskóla 2011: 9

³⁰ Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

³¹ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

smiðjum þar sem fengist er við ýmis verkefni. Þá geta eldri börn valið að fara inn á yngri deildir og t.d. lesa fyrir yngri börnin og fjögurra ára og fimm ára nemendur fá kennslu hjá íþróttakennara, myndmenntakennara og fara í útikennslu. Börnin upplifi ákveðnar breytingar milli skólastiga en ekki skörp skil. Foreldrar, sem rætt var við, sögðust mjög ánægðir með samþættingu skólastiganna. Börnin náði að blandast vel og systkini geta verið saman þrátt fyrir að vera á mismunandi skólastigi.

Skólinn á í samstarfi við Varmárskóla, sem tekur við börnum er þau ljúka Krikaskóla³². Einnig er skólinn í samstarfi við aðra leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu varðandi einstaka verkefni en einnig í verkefninu *Heilsueflandi skóli*.

3.3. Námsmat

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspeglar áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.³³

Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barns á þroska barns, námi og líðan... Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt.³⁴

Í skólanámskrá er að finna skilgreiningar á lykilhæfni, viðmiðum og matskvarða fyrir árangur eftir árgöngum, sjá nánar í viðauka. Einnig er þar að finna ítarlega umfjöllun um námssvið og námsgreinar þar sem kynnt er nám og kennsla sem stefnt er að fari fram á skólaárinu. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið sem skólinn hefur útfært fyrir alla árganga frá 2 - 10 ára en einnig er áherslum hvernar námsgreinar lýst. *Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljóst. Í þeim tilvikum sem nemandi þarf sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni árgangs er gerð einstaklingsnámskrá. Hún er unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi barns eftir því sem við á.³⁵*

Í greinargerð frá stjórnendum skólans kemur fram að námsmat skólans sé leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat. Í leiðsagnarmati er stuðst við ferilmöppu nemenda en í hana er safnað sýniseintökum af verkum barnanna, myndskráningu á námi og leik, símati á ýmsum þáttum starfsins, málþroskamati, athugun á hljóðvitund o.fl. Stöðumat er gert á hæfni og þroska nemenda á afmörkuðum þáttum fyrir og eftir foreldraviðtöl sem eru að lágmarki tvisvar sinnum á ári. Lokamat fer fram í lok hvers skólaárs og fer það til næsta deildarstjóra/umsjónarkennara. Á leikskólastigi er stuðst við ýmis könnunarpróf, s.s. Hljóm

³² Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

³³ Aðalnámskrá grunnskóla 2011:19.

³⁴ Aðalnámskrá leikskóla 2011:32.

³⁵ Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

og Tras. Allir árgangar fá vitnisburð við lok skólaárs með lokamati. Einungis 4. bekkur fær tölur og viðmið aðalnámskrár, ABCD, er skilgreint í skólanámskrá. Unnið er að mati fyrir frístundastarf.³⁶

Að sögn stjórnenda og kennara er námsmatið fjölbreytt og nemendum skólans gert kleift að uppfylla námsmarkmið með mismunandi hætti og tekið sé mið af þörfum hvers og eins. Skólinn er með námsmarkmið sín á *Mentor* þar sem kemur fram hvort nemandi hefur náð þeim eða er að vinna að því. Foreldrar kalli hins vegar eftir frekari viðmiðum um námsárangur þar sem markmiðin í *Mentor* séu mörg og erfitt að lesa úr fyrir suma foreldra. Skólinn hefur tekið þátt í menntasmiðju um leiðsagnarmat á vegum skólaskrifstofu Mosfellsbæjar í samstarfi við skóla á höfuðborgarsvæðinu. Komið hafi upp vangaveltur meðal kennara og stjórnenda um hvort leiðsagnarmatið sé nægilega lýsandi. Við gerð vitnisburða fyrir skólaárið 2014-15 var leitast við gera matið betra og lýsandi fyrir foreldra.

3.3.1. Samræmd próf

Árið 2014 var árangur í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk í íslensku yfir meðaltali landsvæðis en undir árin 2012 og 2013. Árangur var undir meðaltali landsvæðis í stærðfræði árin 2014 og 2012 og yfir árið 2013. Tafla 4 sýnir meðaltal skólans 2012 -2014 í íslensku og stærðfræði í 4. bekk. Almennt kom fram jákvætt viðhorf til samræmdra prófa í úttektinni. Stjórnendur og kennarar segja þau gefa ákveðna mælikvarða en þau þurfi að meta rétt og nota til umbóta á skólastarfi. Skólinn sé með um 25% nemendur með greiningu en markmiðið sé að sem flestir taki prófin en fái stuðning til þess. Starfsmenn á skólaskrifstofu segja að Krikaskóli hafi komið vel út úr samræmdum prófum og það að læra í gegnum leik og að líða vel í skólanum skili sér þrátt fyrir að lítið sé um formleg próf í skólanum.

Tafla 4. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í fjórða bekk árin 2012-2014.

	Stærðfræði		Íslenska	
	Krikaskóli	Meðaltal skóla á landsvæði	Krikaskóli	Meðaltal skóla á landsvæði
2014	27,1	30,0	31,9	30,5
2013	32,8	30,7	29,8	31,0
2012	25,6	30,3	29,4	30,7

³⁶ Greinargerð stjórnenda um námsmatsaðferðir.

3.4. Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá Krikaskóla er skv. nýrri aðalnámskrá og grunnþættir menntunar útfærðir. Námskráin er unnin í samstarfi margra.
- Skólinn hefur útfært fjölbreytt námsmat. Lokamat fer fram í lok hvers skólaárs og viðmið aðalnámskrár eru skilgreind í skólanámskrá. Unnið er að mati fyrir frístundastarf.
- Stefna skólans er að sem flestir nemendur taki samræmd próf. Árangur skólans í prófunum er góður miðað við hve stutt hann hefur starfað og að nemendur hans eru ekki vanir því að taka hefðbundin próf.

4. STJÓRNUN OG REKSTUR

Rekstur Krikaskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélagsins Mosfellsbæjar sem *ber ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu.*³⁷ Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur umsjón með rekstri skólans. Í bæjarstjórn sitja níu einstaklingar auk jafn margra varamanna.³⁸

4.1. Fræðslunefnd

Fræðslunefnd fer með málefni skólans. Hún er skipuð fimm fulltrúum. Auk þess sitja þar sem áheyrnarfulltrúi skólastjórar leik- og grunnskóla þegar fundað er um skólana. Nefndin fundar að jafnaði 12 til 14 sinnum á ári. Fundagerðir nefndarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu Mosfellsbæjar. Þar má sjá að nefndin hefur fjallað um skólaskyldu grunnskólabarna, niðurstöður samræmdra prófa, húsnæðismál skóla, skóladagatal, starfsáætlanir, lög og reglugerðir, starfsþróun, niðurstöður kannana og rannsókna, aðalnámskrá o.fl.

Fulltrúar í fræðslunefnd segja samstarf við skólann mjög gott. Skólastjóri kynni reglulega starfsemi skólans. Hann segist fá mikinn stuðning og meðbyr frá nefndinni. Þar sé ákveðinn hópur sem hefur átt aðkomu að Krikaskóla frá upphafi. Að mati fulltrúa í fræðslunefnd hefur afar vel tekist til með skólastarfið. Mikill metnaður sé í skólanum, sterkt faglegt starf, nemendum líði almennt vel og húsnæðið sé sniðið að hugmyndafræði skólans. Aðrir skólar, bæði innan og utan sveitarfélagsins, hafi litið til aðferðafræði Krikaskóla en mikilvægt sé að skólastarf í Mosfellsbæ sé fjölbreytt. Framtíðarsýnin gæti verið sú að foreldrar gætu valið hvort börnin sæki skóla í 200 eða 180 daga skóla. Skólatími hafi fram að þessu almennt miðast mikið við hvernig var unnið í sveitum en samfélagið hafi breyst mikið og skólafrí þurfi að laga betur að almennum vinnumarkaði.

Eins og fram hefur komið (sjá kafla 2.2) er nokkur starfsmannavelta við skólann. Fram kom í fræðslunefnd að ljóst sé að ekki hugnist öllum grunnskólakennurum lengra skólaár. Þá séu mismunandi kjarasamningar leik- og grunnskólakennara ákveðin hindrun og hafi skapað vandamál.

4.2. Skólaráð

Skólaráð hefur verið starfandi frá upphafi skólans. Skólaráð skipa skólastjóri, einn fulltrúi grunnskólakennara, einn fulltrúi leikskólakennara, einn fulltrúi starfsmanna og fjórir

³⁷ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 5. gr.

³⁸ Bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

fulltrúar foreldra en sameinað var foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla og fulltrúum foreldra fjölgað í stað fulltrúa nemenda vegna ungs aldurs þeirra. Ekki hefur tekist að fá fulltrúa úr grenndarsamfélaginu. Á heimasíðu skólans eru fundargerðir ráðsins frá árinu 2012 en skv. þeim hefur ráðið komið að meðaltali saman 4 – 5 sinnum á skólaári. Samkvæmt fundargerðum hefur ráðið fjallað um skólanámskrá, starfsáætlun, skóladagatal, upplýsingamiðlun, úttekt á húsnæði, mannabreytingar, fræðslu til starfshópa, samninga við HÍ um nema, fjárhagsáætlun, foreldrasamstarf, starfsáætlun, umferðaröryggi o.fl.

4.3. Stjórnskipulag og skipurit

Stjórnskipulag skólans er á þann veg að stjórnendur eru tveir, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Auk þess eru sex deildarstjórar og sex verkefnastjórar. Ábyrgð stjórnenda kemur fram í starfslýsingum og í starfsáætlun.^{39,40} Skiptar skoðanir voru meðal starfsmanna á því hvort stjórnskipulag hentaði stærð hans og verkefnum. Stjórnendaábyrgð verkefnastjóra væri t.d. óljós. Teymin hafi nokkuð mikla stjórn yfir sér en vanti að skilgreina betur ábyrgð teymisstjóra. Flestir sögðu ábyrgðarskiptingu milli skólastjóra og aðstoðarskólastjóra ekki nægilega skýra og stundum „á reiki hver stjórnar hverjum” og stundum misvísandi skilaboð. Starfsmenn hefðu kvartað yfir þessu við skólastjóra. Þetta hafi lagast eitthvað en mætti vera skýrara. Skólastjóri segir verkaskiptingu þeirra kynnta með glærum á hverju skólaári og aðstoðarskólastjóri sé staðgengill hans.

Fram kom að stjórnun skólans væri mjög mannleg, hlý og sveigjanleg, sumir sögðu hana stundum of sveigjanlega t.d. varðandi leyfisveitingar starfsmanna sem gætu aukið álag annarra. Þá mættu skólastjóri og aðstoðarskólastjóri vera sýnilegri og upplýsingaflæði betra. Margir starfsmenn nefndu að upplýsingaflæði frá verkefnastjóra skrifstofu væri oft verulega ábótavant. Í starfsmannakönnun Mosfellsbæjar árin 2013 og 2014 er fullyrðingin *Þegar á heildina er litið er á ánægð(ur) með stjórnun míns vinnustaðar* á svonefndu aðgerðabili eða 2,72 árið 2013 og 3,48 árið 2014. Fram kom í úttektinni að vegna veikinda hafi tveir aðstoðarskólastjórar leyst skólastjóra af í nokkrar vikur árið 2013 sem gæti m.a. skýrt lága tölu það ár. Fulltrúar í fræðslunefnd sögðust ekki hafa séð þessar kannanir. Í ánægjukönnun sem skólinn lagði fyrir í febrúar 2015 segjast 86% svarenda fá stuðning frá yfirmönnum þegar við á og 67% segjast vita nákvæmlega til hvers sé ætlast af þeim í vinnunni.

Til eru starfslýsingar fyrir verkefnastjóra skrifstofu, sérkennslu, starf með yngri börnum, stærðfræði og íslensku, deildarstjóra leikskóla, umsjónarkennara, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, leikskólakennara, grunnskólakennara, þroskajálfa, starfsmanna

39 Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

40 Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

leikskóla, stuðningur/liðsmaður, stuðningsfulltrúa, umsjónarmann frístundar, starfsmann í frístundum, matráð, aðstoð í eldhúsi og afleysingu. Í minnisblaði með endurskoðun skólanámskrár skólans kemur fram að vinnu við starfslýsingar fyrir öll störf verði lokið á skólaárinu 2015-2016.⁴¹ Að sögn starfsmanna eru verkferlar innan skólans ekki alltaf skýrir enda sé þjónusta skólans einstaklingsmiðuð. Þó sé alltaf ákveðinn rammi sem stundum mætti vera skýrari, t.d. um aga, fjarvistir starfsmanna o.fl.

Að sögn skólastjóra funda skólastjóri og aðstoðarskólastjóri vikulega og oftast ef þörf er. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri ásamt verkefnastjórum funda síðasta föstudag í mánuði og oftast ef þarf. Kennarafundir eru hálfsmánaðarlega, deildarstjóraráfundir einu sinni til tvisvar í mánuði, umsjónarkennarafundir/teymisfundir einn til tveir í mánuði, þroskaþjálfar funda mánaðarlega, deildarfundir eru tveir í mánuði og starfsmannafundir tvisvar sinnum á hvorri önn.⁴²

4.4. Ákvarðanatöku

Formleg aðkoma starfsmanna og foreldra að ákvarðanatöku í skólanum er í gegnum skólaráð. Mismunandi viðhorf komu fram meðal starfsmanna um aðkomu þeirra að ákvarðanatöku í skólanum. Skólastjóri segist aðhyllast dreifða ákvarðanatöku en það taki tíma fyrir starfsfólk að átta sig á því. Flestir sögðu að eftirfylgni með ákvörðunum sem teknar hefðu verið mættu oft vera meira af hálfu stjórnenda skólans.

Aðkoma nemenda að ákvarðanatöku innan skólans snýr að þátttöku þeirra í bekkjarfundum þar sem erindi þeirra eru sett á dagskrá, n.k. þjóðfundum sem kennarar og skólastjóri stýra en auk þess segja kennarar og stjórnendur að þeir séu hvattir til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Nemendur og foreldrar staðfestu margar leiðir sem börn og foreldrar hafi til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. „Ég upplifi sem foreldri að ég fái úrlausn minna mála og minna barna. Börnin upplifa lýðræði.”

4.5. Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er við skólann. Ráðið skipa að jafnaði þeir er koma að stoðþjónustu skólans, námsráðgjafi, sérkennari, hjúkrunarfræðingur, sáfræðingur og stjórnendur. Í starfsáætlun skólans kemur fram að *hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð*

⁴¹ Minnisblað – Endurskoðun starfsáætlunar Krikaskóla 2014-2017,

⁴² Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017,

við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.⁴³ Ráðið kemur saman eftir þörfum.

4.6. Nemendafélag

Ekki hefur verið stofnað nemendafélag við skólann sökum ungs aldurs nemenda. Í starfsáætlun skólans kemur fram að nemendur hafi greiðan aðgang að starfsfólki og stjórnendum skólans en einnig séu haldnir formlegir fundi með öllum börnum í þriðja og fjórða bekk ár hvert með skólastjóra.⁴⁴

4.7. Mat úttektaraðila

- Fræðslunefnd er mjög virk og þar er ákveðinn hópur sem hefur átt aðkomu að Krikaskóla frá upphafi. Nefndin hefur sinnt hlutverki sínu sbr. lög og samstarf hennar og skólastjóra hefur verið gott.
- Skólaráð hefur starfað frá upphafi skólans. Ráðið hefur fjallað um þá þætti sem því ber sbr. lög.
- Í starfsmannakönnun Mosfellsbæjar árin 2013 og 2014 kemur stjórnun skólans út á aðgerðabili. Rýna þarf í stjórnskipulag skólans, skilgreina betur ábyrgð verkefnastjóra og teymisstjóra og kynna betur ábyrgðarskiptingu milli skólastjóra og aðstoðarskólastjóra m.a. í tengslum við að framfylgja ákvörðunum sem teknar hafa verið.
- Til eru margs konar verkferlar sem sumir virðast mega vera skýrari og eða meiri umræða um, t.d. aga og fjarvistir starfsmanna.
- Virkt nemendaverndarráð er við skólann.
- Nemendur taka mikinn þátt í að ákvarða leiðir í námi sínu.

⁴³ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

⁴⁴ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

5. NÁM OG KENNSLA

*Gæta verður þess að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni, samtímis sem hann þjálfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemandinn æfist í að tjá skoðanir sínar og útskýra verklag sitt á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.*⁴⁵

5.1. Kennsluhættir og fjölbreytni

Uppeldis og kennslufræðileg sýn skólastarfsins byggir á hugmyndafræði *John Dewey* og hugmyndum um lýðræðislegt skólastarf. Í skólanum er lögð áhersla á að leikur sé helsta námsleið barnsins og er hún nýtt fyrir alla aldurshópa, bæði frjáls leikur og leikur tengdur námsmarkmiðum. Námsmarkmið stýra verkefnum fremur en námsbækur og raunveruleg verkefni sem tengjast reynsluheim barnsins eru mikilvægur þáttur, sjá nánar kafla 2.3.⁴⁶ Skólastjórnendur segjast hvetja starfsfólk til þess að margar leiðir séu farnar að markmiðum og að nemendur hafi áhrif á námið m.a. með að velja hvernig verkefni eru útfærð en áhrif þeirra megi auka enn frekar. Kennsluáætlanir eru gerðar til sex mánaða í einu og á skólastjóri samtal um þær við kennarana. Í könnun meðal foreldra vorið 2013 kemur fram að 85% telja að námsþörfum barns síns sé mjög vel eða vel sinnt miðað við aldur og þroska.⁴⁷

Að sögn kennara og stjórnenda eru kennsluhættir mjög fjölbreyttir og skólahúsnæðið styðji við þá. Nemendur hafa tölvuvert val um viðfangsefni í bundnu og frjálsu vali og margs konar smiðjum. Aðferðir eru fjölbreyttar, m.a. leiklist og raunnám í vettvangsferðum. Mikill áhugi sé á að nýta upplýsingatækni í skólastarfinu. Skólinn á 16 fartölvur og þrjár spjaldtölvur svo og nokkrar borðtölvur. Kennarar og stjórnendur segja að fjölga þyrfti tækjum. Kennarar hafi verið virkir í að nýta myndvinnsluforrit og tveir kennarar hafi sótt námskeið um upplýsingatækni erlendis í sumarleyfi sínu og miðlað til hinna. Í kjölfarið hefur verið unnið að þróunarverkefni skólaárið 2014-2015 um tölvur- og upplýsingatækni (sjá kafla 5.3).

5.1.1. Skólastarf 2-9 ára, sjá viðauka 1.

5.1.2. Heimanám

Í starfsáætlun skólans kemur fram að heimanámi sé *haldið í lágmarki en gengið er út frá því að hvert barn lesi heima daglega þegar þau hafa náð tókum á grunnfærni í lestri. Annað heimanám er í samvinnu og samstarfi við foreldra barnanna. Í 3. og 4. bekk hafa börn farið*

⁴⁵ Aðalnámskrá leikskóla 2011:24 og aðalnámskrá grunnskóla 2011:26

⁴⁶ Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

⁴⁷ Foreldrakönnun Krikaskóla-vor 2013.

*heim með vikulegt heimanám í samstarfi við foreldra.*⁴⁸ Í úttektinni kom fram jákvætt viðhorf til stefnu skólans um heimanám. Einnig kom fram hjá kennurum að daglegur heimalestur í 20 daga til viðbótar hafi nýst vel til að auka lestrarfærni.

5.2. Lýðræði

Nemendur skólans hafa margs konar vettvang til að hafa áhrif á skólastarfið. Aðkoma þeirra að ákvarðanatöku innan skólans snýr að þátttöku þeirra í reglulegum bekkjarfundum þar sem þau setja erindi á dagskrá, fundum með skólastjóra um það sem er gott og það sem betur má fara í skólastarfinu og áhrif á leiðir í kennslu. Að sögn kennara og skólastjórnenda má auka lýðræði nemenda enn frekar.

5.3. Þróunarverkefni

Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði vegna verkefnisins *Læsi í Krikaskóla* sem hófst árið 2013 og áætlað er að ljúki 2015. Markmið verkefnisins er að börn nái góðum árangri í læsi frá byrjun skólagöngu í Krikaskóla eða við tveggja ára aldur. Markvisst verði unnið með tal, hlustun, lestur og ritun sem sé felld í eina heild undir hatti læsis. Einnig eru sérstakir þættir móðurmáls s.s. hljóðvitund, rétttritun, skrift o.fl. tengd inn í ferlið. Markmiðið er að efla læsi yngri barna í víðum skilningi í læsishvetjandi umhverfi: *Að þau njóti lestrar frá því að byrjað er að lesa fyrir þau til þess að þau njóti að lesa sér til gagns og gamans.* Einnig er markmið verkefnisins að börnin verði læs á sig og umhverfi sitt með samþættingu námsgreina og þemanámi sem byggir á fyrri reynslu og þekkingu barna frá ári til árs. Áætlaður afrakstur verkefnisins á að vera innihaldsríkari og skýrari skólanámskrá með markvissum náms- og kennsluskram fyrir alla árganga ásamt meira upplýsandi heimasíðu.⁴⁹

Í áfangaskýrslu um verkefnið vegna skólaársins 2013-2014 kemur fram að allir starfsmenn skólans hafi sótt námskeið í byrjendalæsi, haldnar hafi verið fimm smiðjur fyrir deildarstjóra leikskóla og grunnskólakennara og fyrirlestur um byrjendalæsi hafi verið hluti af starfsdegi. Stofnaðir hafi verið samstarfshópar deildarstjóra hvers árgangs vegna verkefnisins og að starfsmönnum, foreldrum og öðrum áhugasömum hafi verið boðið á fyrirlestur um stærðfræði byggða á skilningi barnanna. Í skýrslunni kemur fram að áhersla hafi verið á að ná samfellu í læsi frá tveggja til níu ára aldurs og hafi það gengið eftir. Innleiðingaferli hafi gengið mjög vel og vel hafi gengið að koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda. *Ljóst er að verkefnið hefur rammað inn það starf sem skólinn hefur þróað. Sameiginlegar áherslur og samræming milli árganga hefur einnig skilað okkur markvissara innra starfi í Krikaskóla. Samræming á læsi bæði bóklæsi og stærðfræðilæsi*

⁴⁸ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

⁴⁹ Þróunarverkefni um læsi.

hefur einnig aukist til muna sem birtist m.a. í verkum barnanna og ekki síður í námskrá skólans sem koma mun út haustið 2014. Við erum bjartsýn og glöð yfir þróunarverkefninu og höldum ótrauð áfram inn í seinni hluta þess á næsta skólaári 2014-15.⁵⁰

Í minnisblaði um endurskoðun starfsáætlunar skólans kemur fram að hann hafi sótt um styrk á vorönn 2015 fyrir tveimur verkefnum. Annars vegar þróun á stærðfræðinálgun og hins vegar vegna samþættingar frístundar og grunnskólastarfs. Einnig kemur fram að skólinn hafi ekki hlotið styrk hjá Erasmus fyrir samstarfsverefni sex landa til vinnu með gildi í skólastarfi fyrir fjögurra og fimm ára börn.⁵¹

Skólinn fékk styrk frá Erasmus+ árið 2014 til þess að auka færni í upplýsingatækni. Verkefnið fól í sér þátttöku í námskeiði á Kýpur ásamt áframhaldandi þróunarvinnu í kjölfarið. Tveir grunnskólakennarar sóttu námskeiðið *Web 2.0. tools for effective teaching and project work*. Í kjölfarið hefur verið unnið að þróunarverkefni skólaárið 2014-2015 um tölvu- og upplýsingatækni innan skólans.⁵² Í ársskýrslu Skólaskrifstofu 2013-2014 kemur fram að Krikaskóli hafi einnig unnið að þróunarverkefni tengdu agastefnu skólans, *Jákvæður agi* og varðandi að styrkja tengsl árganga.⁵³

5.4. Mat úttektaraðila

- Kennsluhættir eru mjög fjölbreyttir og skólahúsnæðið styður við þá. Nemendur hafa tölvuvert val um viðfangsefni og aðferðir eru fjölbreyttar. Mikill áhugi er á að nýta upplýsingatækni enn frekar í skólastarfinu.
- Nemendur skólans hafa margs konar vettvang til að hafa áhrif á skólastarfið.
- Stefna skólans er að heimanámi sé haldið í lágmarki en að hvert barn lesi heima daglega og annað heimanám sé í samstarfi við foreldra. Þetta hefur mælt vel fyrir og athygli vekur að daglegur heimalestur í 20 aukadaga m.v. starfstíma annarra grunnskóla virðist hafa aukið lestrarfærni barnanna.
- Skólinn hefur tekið þátt í fjölmörgum þróunarverkefnum sem hafa skilað sér í skólastarfið og um leið komið til móts við þarfir starfsmanna fyrir endurmenntun.

⁵⁰ Áfangaskýrsla til Sprotasjóðs-þróunarverkefni um læsi.

⁵¹ Minnisblað-Endurskoðun starfsáætlunar Krikaskóla 2014-2017.

⁵² Námskeið með styrk frá Erasmus-þróunarverkefni í tölvu- og upplýsingatækni

⁵³ Ársskýrsla Skólaskrifstofu 2013-2014.

6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

Í skólanámskrá kemur fram að Krikaskóli hafi *nokkur sterk einkenni er kemur að skólabrag*. *Gleði og léttleiki einkenni starfið flesta daga. Börnin eru jákvæð gagnvart skólanum og stuðningur foreldra áþreifanlegur.*⁵⁴ Í starfsáætlun skólans kemur fram að *skólabragur Krikaskóla einkennist af samvinnu og samstarfi milli allra, umhyggju fyrir einstaklingum í skólanum og stuðningi við hvern og einn. Agi barna skal byggjast á virðingu fyrir barninu en ekki skilyrðislausri hlýðni við boð og bönn. Reglur skulu vera fáar og skýrar. Starfið skal einkennast af jákvæðu umhverfi og skilaboðum*. Markmiðið er að öllum líði vel í Krikaskóla. Einnig að gildi skólans skuli birtast í starfi hans.⁵⁵

Uppeldisstefna skólans er *jákvæður agi* en hún byggir á sjálfstjórnarkenningu og er náskyld *uppbyggingarstefnunni*. Stefnt er að því að á skólaárinu 2014-2015 að festa í sessi agastefnu skólans sem byggi á *jákvæðum aga*. Mikilvægt sé að mistök séu lærdómstækifæri og að baki hegðun séu markmið og orsakir.⁵⁶

Starfsandi og skólabragur innan skólans er að mati stjórnenda og starfsmanna, styðjandi, léttur og virðing sé almennt borin fyrir fólki. Hann hafi þróast til batnaðar frá því að starfsmannakönnun var gerð árið 2013 og 2014 en þar var fullyrðingin *Á mínum vinnustað ríkir jákvæð vinnustaðamenning og góður starfsandi* á svonefndu aðgerðabili bæði árin eða 2,91 og 3,37. Í kjölfar kannananna var farið í ýmsar aðgerðir⁵⁷ og aðgerðaáætlun skilað til mannaússtjóra og framkvæmdastjóra fræðslusviðs. Settar voru áherslur í starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2014-15 svo sem varðandi áframhaldandi vinnu við verklýsingar í Krikaskóla.⁵⁸ Nú sé þéttur kjarni að störfum sem vilji starfa við skólann. Það viðhorf kom fram að félagslega sé andinn mjög góður en faglega sé nokkur hópamenning þar sem mikið sé unnið í teymum. Stundum mætti vera meira flæði milli stiga og deilda og þar skipti starfsmannafundur miklu máli. Í ánægjukönnun sem skólinn gerði í febrúar 2015 segja 93% að samstarfsmenn sýni þeim almennt vingjarnlegt viðmót, 79% að borin sé virðing fyrir sér sem starfsmanni og 60% segja að komið sé fram við alla starfsmenn á vinnustaðnum á sama hátt.⁵⁹

Líðan nemenda er að sögn skólastjóra könnuð með ýmsum hætti en þó aðallega eigindlegum aðferðum sökum ungs aldurs barnanna. Markvisst sé hlustað eftir líðan þeirra og viðhorfum og myndbandsupptökur liggi einnig fyrir til mats á líðan. Skólinn hefur sett sér

⁵⁴ Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

⁵⁵ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

⁵⁶ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

⁵⁷ Aðgerðaáætlun mars og apríl 2014.

⁵⁸ Sjálfsmatsskýrsla Krikaskóla 2013 – 2014.

⁵⁹ Ánægjukönnun starfsmenn febrúar 2015.

skólareglur þar sem m.a. er fjallað um vinnufrið, símanotkun, umgengni o.fl.⁶⁰. Í starfsáætlun kemur fram að agabrot séu skráð í dagbók í *Mentor* og foreldrar upplýstir um málið. Ef um síendurtekna hegðun er að ræða er haldinn fundur með nemenda, foreldrum og umsjónarkennara. Gerð sé viðbragðsáætlun og leitað sátta. Ef illa gengur er verkefnastjóri sérkennslu kallaður til aðstoðar en einnig sé hægt að vísa málum til sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.⁶¹ Að sögn starfsmanna er ekki tekið á agavandamálum með kerfisbundnum hætti. Skólareglur séu ekki nægilega sýnilegar og framkvæmd og eftirfylgni sé ekki samræmd og um reglurnar vanti meiri samræðu.

6.1. Einelti

Skólinn hefur eineltisáætlun og er stefnulýsing skólans að *skólasamfélag Krikaskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verður liðið í skólanum. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og til að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt*. Í áætluninni er kveðið á um skilgreiningu á einelti, fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð fyrir börn, foreldra og starfsmenn, ábyrgð, kannanir og upplýsingar, skráningu, gæslu, viðbragðsáætlun, hvernig tekið er á ofbeldi og meðferð ágreinings um meðferð eineltis og ofbeldismála.⁶² Á vorönn 2015 var lögð eineltiskönnun fyrir nemendur þriðja og fjórða bekkjar. Þar segjast 17% sig hafa orðið fyrir einelti í skólanum og sama hlutfall segist hafa séð einhvern verða fyrir einelti. Þegar spurt var hvar það fari helst fram nefndu flestir nemendur útisvæði.⁶³ Fram kom í úttektinni að nemendur virðist eiga erfitt með að gera greinarmun á stríðni og einelti en áætlunin sé skýr og almennt ríki sátt um hvernig skólinn tekur á eineltismálum. Mikil nánd sé í svo litlum skóla og því auðvelt að bregðast strax við.

6.2. Jafnrétti nemenda

Í stefnu skólans er rætt um að hlusta á raddir barnanna og skapa umhverfi *þar sem sýnd er umhyggja, virðing og jákvæðni gagnvart sérhverri manneskju* (sjá nánar í kafla 2.3.). Í úttektinni kom fram hjá öllum sem rætt var við að leitast væri við að sérhver nemandi skólans gæti verið þátttakandi í starfi hans. Aðgengi í skólanum er gott fyrir fatlaða og stuðningur við börn með sérþarfir mikill (sjá kafla 9). Í minnisblaði skólans vegna endurskoðunar á starfsáætlun hans kemur fram að skólinn vinni að gerð móttökuáætlunar fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku og áætlað að þeirri vinnu ljúki vorið 2015.⁶⁴

⁶⁰ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

⁶¹ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

⁶² Eineltisáætlun Krikaskóla.

⁶³ Eineltiskönnun meðal barna í 3. og 4. bekk Krikaskóla-7. apríl 2015.

⁶⁴ Minnisblað- Endurskoðun starfsáætlunar Krikaskóla 2014-2017

6.3. Mat úttektaraðila

- Starfsandi og vinnustaðamenning virðist hafa þróast til hins betra frá því að starfsmannakönnun var gerð árið 2013 og 2014 en þar komu þessir þættir út á aðgerðabili. Í kjölfar kannananna var farið í ýmsar aðgerðir og í ánægjukönnun 2015 eru niðurstöður mun jákvæðari.
- Huga má enn betur að flæði milli starfsmanna stiga og deilda.
- Markvisst er hlustað eftir líðan nemenda og viðhorfum með fjölbreyttum aðferðum.
- Frekari umræðu þarf um skólareglur, framkvæmd þeirra og eftirfylgni.
- Eineltisáætlun liggur fyrir og einelti hefur verið kannað. Sökum ungs aldurs virðast nemendur eiga erfitt með að skilgreina einelti en almennt ríkir sátt um hvernig skólinn tekur á eineltismálum.
- Jafnréttis meðal nemenda virðist gætt (beggja kynja, nemenda af erlendu bergi brotnu og fatlaðra).
- Skólinn vinnur að gerð móttökuáætlunar fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku.

7. INNRA MAT

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í skólum er að: veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda, tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla, auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.⁶⁵

7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd

Í starfsáætlun skólans 2013 - 2017 kemur fram að stjórnendur ákveði innra mat skólans og sjálfsmatsáætlun. Helstu verkþættir eru eftirfarandi:⁶⁶

- Nýta upplýsingar úr könnunum til leiðbeiningar við endurskoðun skólanámskrár.
- Endurskoðun útgefins efnis s.s. skólanámskrár, nám og kennsla, starfsáætlun skóla og heimasíðu.
- Nýting á skráðum fundargerðum til endurmats og úrbóta.
- Nýting á myndaskráningum á verkum og vinnu barna.
- Rýniviðtöl skólastjórna með hópum innan skólans.
- Starfsþróunarsamtöl sem skólastjórnendur eiga við alla starfsmenn a.m.k. einu sinni á ári.
- Starfendamati.

Skólinn hefur áætlun um innra mat til þriggja ára. Sjálfsmatsskýrsla fyrir árið 2013 – 2014 liggur fyrir en sjálfsmatsskýrslur eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans.

7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra

Skólastjóri er ábyrgur fyrir innra mati skólans og framkvæmd þess. Ekki er starfandi sjálfsmatshópur í Krikaskóla en að sögn stjórnenda og starfsmanna eru margir litir hópar sem fólk getur valið sig í eftir áhugasviði. Starfsmenn skólans taka þátt í könnunum, taka þátt í rýniviðtölum skólastjórna og/eða starfsmanna skólaskrifstofu með hópum innan skólans, eiga starfsþróunarsamtöl við skólastjórnendur og kennarar vinna að starfendamati. Innra mat er rætt á deildarstjórufundum og kennarafundum. Foreldrar hafa tekið þátt í foreldrakönnunum og þjóðfundum auk þess að eiga greiðan aðgang að skólastjórnendum og starfsfólki með hvers kyns ábendingar. Nemendur koma að mati á skólastarfi með þátttöku sinni í eineltiskönnun, bekkjarfundum og fundum með skólastjóra.

⁶⁵ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 35.gr., lög um leikskóla nr. 90/2008, 17.gr.

⁶⁶ Starfsáætlun Krikaskóla 2013-2017.

7.3. Mat á frammistöðu starfsmanna

Í starfsþróunarsamtali er lagt mat á frammistöðu starfsmanna. Þar er m.a. skoðuð kunnátta í starfi, þjónustu við foreldra og börn, samskipti á vinnustað, mætingar og vinnutími.⁶⁷ Einnig segist skólastjóri hafa átt samtöl við starfsmenn um fjarvistir og leiðbeint starfsmönnum sem þurfi að bæta sig í starfi.

7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats

Í sjálfsmatsskýrslu 2013 – 2014 er gerð grein fyrir því mati sem fram fór á skólaárinu og aðgerðum til úrbóta. Ekki kemur fram hverjir eru ábyrgir fyrir hverjum þætti, hvenær aðgerðum skuli lokið eða hver skuli vera árangur þeirra. Að sögn skólastjórnenda og kennara er innra mati almennt fylgt eftir en stundum sé eftirfylgni ábótavant. Niðurstöður hafa verið kynntar starfsmönnum, í skólaráði og í fræðslunefnd þegar eftir því hefur verið kallað s.s. í tengslum við ársskýrslu. Að sögn starfsmanna á skólaskrifstofu Mosfellsbæjar ákveður hver skóli hvernig hann hagar sínu innra mati en skrifstofan hafi verið með stöðu- og framkvæmdamat á skólum og kallað eftir starfsáætlunum. Fulltrúar í fræðslunefnd segja sjálfsmatsskýrslu skólans koma til umfjöllunar í nefndinni.

7.5. Mat úttektaraðila

- Skólinn hefur áætlun um innra mat til þriggja ára og metur starfið með fjölbreyttum aðferðum. Sjálfsmatsskýrslur liggja fyrir en þurfa að vera aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Ekki er starfandi sjálfsmatshópur í Krikaskóla en áhugavert er að margir litlir hópar koma að matinu og starfsfólk getur valið sig í þá eftir áhugasviði. Foreldrar taka þátt í foreldrakönnunum og þjóðfundum auk þess að eiga greiðan aðgang að skólastjórnendum og starfsfólki en ættu að eiga sæti í sjálfsmatshópum með starfsmönnum. Nemendur koma að mati á skólastarfi með þátttöku sinni í eineltiskönnun, bekkjarfundum og fundum með skólastjóra.
- Í starfsþróunarsamtali er lagt mat á frammistöðu starfsmanna út frá ýmsum þáttum.
- Umbótaáætlun liggur fyrir en þar þarf að koma fram hverjir eru ábyrgir fyrir hverjum þætti, hvenær aðgerðum skuli lokið eða hver skuli vera árangur þeirra. Þá þurfa stjórnendur að fylgja matinu enn frekar eftir.
- Matið er kynnt flestum hagsmunadílum skólasamfélagsins en mætti kynna enn frekar fyrir foreldrum m.a. með því að birta sjálfsmatsskýrslur á heimasíðu skólans.

⁶⁷ Starfsþróunarsamtal – eyðublað 2015

8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

Í stefnu skólans um foreldrasamstarf, upplýsingamiðlun og mótun skólastarfs kemur fram að *foreldrasamstarf er ein af grunnstöðum skólasamfélagsins og mikilvægi góðra samskipta fyrir líðan og velferð barna er óumdeild. Mikilvægt er að foreldrar og samstarfsfólk skólans vinni saman að því að skapa farsæla umgjörð um það starf sem fram fer í skólanum. Hljú, virðingu og traust skal reyna að festa í sessi við hverja fjölskyldu. Virk upplýsingagjöf til foreldra er skylda skólans og skal hún taka mið af faglegu mati innan skólans.*⁶⁸

Í könnun sem gerð var meðal foreldra vorið 2013 kemur fram að flestir telja sig eiga mjög góð eða góð samskipti við umsjónarkennara, deildarstjóra, sérgreinakennara og starfshóp frístundar, starfsfólk í mótuneyti, stjórnendur og aðra starfsmenn skólans. Þeir töldu þó almennt samskiptin betri við umsjónarkennara og deildarstjóra. Í könnun meðal foreldra barna á leikskólaaldri frá 2014 kemur fram að tæplega 90% svarenda segja að skólinn komi frekar vel eða mjög vel til móts við þarfir barna sinna.⁶⁹

8.1. Foreldrafélag

Foreldrafélag er við skólann. Hlutverk þess er að *efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugara skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi og að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppálenda. Að sögn fulltrúa í stjórn foreldrafélagsins er enn verið að móta starfið en stjórnin fundi u.þ.b. fjórum sinnum á ári. Unnið sé að sameiginlegum málum allra foreldra barnanna í skólanum og hugmyndum komið á framfæri við skólann en einnig sé unnið með öðrum skólum m.a. í svæðaráði. Foreldrar eiga fjóra fulltrúa í skólaráði. Þar sé farið yfir ýmis mál, s.s. breytingar á rekstri, námskrárvinnu og þróunarverkefni. Góð tenging sé við stjórnendur og hlustað á foreldra. Fundagerðir foreldrafélags eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.*

8.2. Samstarf við grenndarsamfélag

Í stefnu skólans um samstarf, tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið kemur fram að skólinn sé í samstarfi við fjölda aðila s.s. skólahjónsveit, skátana, björgunarsveitina Kyndil o.fl. Fram kemur að þetta samstarf sé mikilvægt fyrir skólann ásamt tengingu við nærsamfélag hans.⁷⁰ Í starfsáætlun skólans kemur fram að veturinn 2013-2014 hafi skólinn

⁶⁸ Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

⁶⁹ Viðhorfskönnun foreldra 2014.

⁷⁰ Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015.

verið í samstarfi við Lionsklúbbinn Úrnar í tengslum við lestrarþjálfun og Félagsstarf aldraðra í Mosfellsbæ, FaMos, í tengslum við textílsmiðjur.⁷¹

8.3. Lýðræði og þátttaka

Formleg þátttaka foreldra að skólastarfinu er í gegnum setu í skólaráði en þar eru fleiri fulltrúar en gerist og gengur vegna ungs aldurs nemenda. Foreldrar, sem rætt var við, sögðust á margan hátt vera virkir þátttakendur í skólastarfinu en almennt væru foreldrar misvirkir. Þá eigi foreldrar greiðan aðgang að stjórnendum og starfsfólki. Starfsmenn segja foreldra koma meira inn í skólann heldur en annars staðar vegna leikskólabarnanna og að þeir eigi greiðan aðgang að starfsmönnum sbr. könnun (sjá kafla 8).

8.4. Upplýsingaflæði

Í könnun meðal foreldra frá vorinu 2013 kemur fram að 78% svarenda segja að sér gangi mjög vel eða vel að ná sambandi við skólann þegar þörf sé á að koma skilaboðum áfram, ná í starfsmenn eða fá upplýsingar. Þar greindu einnig flestir eða 83% frá því að þeir teldu miðlun upplýsinga frá skólanum í heild góða eða mjög góða. Fæstir (45%) töldu að miðlun upplýsinga frá frístund væri góð eða mjög góð.⁷² Í könnun meðal foreldra barna á leikskólastigi árið 2014 kemur fram að rúm 60% svarenda töldu að upplýsingastreymi frá leikskólanum væri frekar eða mjög gott. Rúm 80% nýtir sér heimasíðu skólans og rúm 70% telja hana upplýsandi. Foreldrar voru spurðir hvaðan þeir fengju helst upplýsingar um starfið á leikskólanum og tilgreindu flestir í gegnum tölvupóst en fæstir nefndu með miðum í fatahólfi barnsins.⁷³

Haustrundir eru haldnir á hverju skólaári fyrir foreldra þar sem starfsemi skólans er kynnt. Að loknum fundi hitta deildarstjórar og umsjónarkennarar foreldrahópinn og kynna viðfangsefni hvers árgangs. Upplýsingabréf hefur einnig verið sent til foreldra barna sem eru að hefja formlegt grunnskólanám.⁷⁴ Foreldrar, sem rætt var við, sögðu aðgengi að upplýsingum ágætt, gott væri að fá pósta frá skrifstofu og vikulegan póst frá kennara.

8.5. Mat úttektaraðila

- Foreldrafélag skólans er virkt og foreldrar fá upplýsingar um skólastarfið á ýmsa vegu. Fundagerðir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Foreldrar virðast eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við

⁷¹ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

⁷² Foreldrakönnun Krikaskóla-vor 2013.

⁷³ Viðhorfskönnun foreldra 2014.

⁷⁴ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

skólann og eiga greiðan aðgang að stjórnendum og starfsmönnum. Viðhorf foreldra hefur verið kannað reglulega.

- Gott og fjölbreytt samstarf er við grenndarsamfélagið.
- Aðgangur foreldra að upplýsingum um skólastarfið virðist góður en auka þarf upplýsingagjöf frá frístund og leikskólahluta skólans.

9. SÉRKENNSLA OG STÖÐÞJÓNUSTA

9.1. Sérkennsla

Í starfsáætlun skólans kemur fram að að vori ræði sérkennari við umsjónarkennara um stöðu nemenda og metið sé sameiginlega þörf fyrir sérkennslu á komandi skólaári. Einnig segir að við framkvæmd sérfræðiþjónustu sé lögð áhersla á eftirfarandi:⁷⁵

- *Forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda*
- *Snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar*
- *Að sérfræðiþjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda*
- *Að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra.*
- *Stuðning við foreldra með ráðgjöf og fræðslu*

Sérkennsla fer fram eins og hægt er inni í bekk eða þeim hópi sem barnið tilheyrir öllu jöfnu. Í einstaka tilfellum þarf barn að fá sína þjónustu utan hópsins en þá er um miklar og sértækar einstaklingsþarfir að ræða. Einstaklingsnámskrár eru gerðar til að draga fram áherslur og hlutverk hvers og eins í námi og þroska. Mikilvægt er að þær séu gerðar í samvinnu við foreldra og hlutverk þeirra sé skilgreint. Umsjónarkennari ber ábyrgð á einstaklingsnámskrá og vinnur hana í samvinnu við foreldra, sérkennara, þroskaþjálfra, greinakennara, stuðningsfulltrúa, sálfræðinga skólaskrifstofu og aðra sérfræðinga.

Sérkennsluteymi eru nokkur við skólann en þau skipa verkefnastjóri sérkennslu, þroskaþjálfri og umsjónarkennari/deildarstjóri eftir því sem við á. Hlutverk teymisins er að fjalla um málefni nemenda með sérþarfir og finna leiðir til að styðja við þá, fjölskyldur þeirra og starfsfólk skólans. Einnig á teymið að meta greiningarþörf, fylgja henni eftir og vinna að málum einstakra nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi eða þjónustu að halda. Teymið fundar einnig reglulega með foreldrum nemenda með þroskafrávik eða miklar sérþarfir.⁷⁶

Að sögn deildarstjóra sérkennslu er skimað fyrir leshömlun og skýrir verkferlar þar um. APES listinn er notaður strax í leikskóla og er hann nýttur sem grunnur að einstaklingsnámskrám. Kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sjá um kennslu nemenda með sérþarfir undir stjórn deildarstjóra sérkennslu og umsjónarkennara. Það viðhorf kom fram að deildarstjóri sérkennslu mætti vera sýnilegri og koma meira að sjálfri kennslunni.

⁷⁵ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017.

⁷⁶ Starfsáætlun Krikaskóla 2011-2017

Í úttektinni kom fram hjá öllum sem rætt var við að í flestum tilfellum væri afar vel hugað að sérþörfum nemenda og margir vildu koma börnum sínum í skólann vegna þessa.

9.2. Önnur stoðþjónusta

Í starfsáætlun skólans kemur fram að ekki sé starfandi náms- og starfsráðgjafi við skólann. Skólinn geti leitað til Varmárskóla og/eða Lágafellsskóla ef þörf sé á. Öll börn í fjórða bekk hitti námsráðgjafa Varmárskóla í tengslum við yfirfærslu nemenda milli skóla.⁷⁷

9.3. Mat úttektaraðila

- Afar vel er hugað að sérþörfum nemenda og skólinn eftirsóttur vegna þess.
- Skipulag sérkennslu er í höndum deildarstjóra sérkennslu og er fjölbreytt, m.a. eru nokkur sérkennsluteymi við skólann.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar og ber umsjónarkennari ábyrgð á að vinna þær í samvinnu við foreldra, sérkennara, þorskaþjálfar, greinakennara og stuðningsfulltrúa.
- Kennarar, þorskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sjá um kennslu nemenda með sérþarfir undir stjórn deildarstjóra sérkennslu og umsjónarkennara. Þá er skólastjóri menntaður sérkennari.
- Ekki er starfandi náms- og starfsráðgjafi í skólanum en skólinn getur leitað til Varmárskóla og/eða Lágafellsskóla. Öll börn í fjórða bekk hitta námsráðgjafa Varmárskóla í tengslum við yfirfærslu nemenda milli skóla.

⁷⁷ Starfsáætlun Krikaskóla 2011-2017

10. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.⁷⁸ Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram.⁷⁹

- Mosfellsbær leggur áherslu á að flest málefni nemenda séu leyst innan grunnskólanna, en engu að síður hafa foreldrar nokkurra nemenda í samvinnu við skóla og Skólaskrifstofu valið að börn þeirra sækja skóla í sérskóla, þá gjarnan í Reykjavík. Þetta er u.þ.b. 0,3 - 0,4% nemenda, örlítið breytilegt eftir árum.
- Leik- og grunnskólar Mosfellsbæjar leggja áherslu á samstarf við foreldra barna með sérþarfir. Jafnframt er sífellt verið að leita leiða til að fá fram sjónarmið barnanna sjálfra.
- Það er í samræmi við stefnu Mosfellsbæjar þar sem fram kemur að sérfræðiþjónusta Mosfellsbæjar mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni barna hverju sinni, samhæfingu úrræða og samstarfi allra hlutadeigandi aðila.⁸⁰

Í starfsáætlun skólans kemur fram að sérkennsla eða stuðningur við nám frá sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins geti verið með ýmsu móti, svo sem:⁸¹

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/ eða kennsluadstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla þar sem ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá.
- Nemendur sem þurfa sérstakar áherslu í kennslu og þjálfun vegna námsörðugleika, eða annarra líkamlegra örðugleika.
- Bráðgerir nemendur, sem þurfa nám við hæfi.
- Nýbúafræðsla, ætluð nemendum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli eða hafa dvalið langdvölum erlendis.
- Nemendur geta fengið sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunar prófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara, deildarstjóra og foreldra.

⁷⁸ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 17. gr.

⁷⁹ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 40. gr.

⁸⁰ Sérfræðiþjónusta og þjónusta við börn með sérþarfir í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar – skýrsla vinnuhóps.

⁸¹ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017

Mosfellsbær sér að mestu um sérfræðipjónustu við skóla bæjarins. Sérþarfabörn í grunnskólum Mosfellsbæjar eru flokkuð í fjóra flokka. Sjá töflu 5 sem einnig sýnir fjölda nemenda í Krikaskóla í hverjum flokki og hlutfall af heildar nemendafjölda vorið 2014.⁸²

Tafla 5. Fjöldi nemenda í Krikaskóla í sérþarfaflokkum og hlutfall af heildar nemendafjölda vorið 2014.

Flokkur	Fjöldi	Hlutfall af heild N= 91
1. Þyngstu málin: börn sem þurfa manninn með sér	5	5,5%
2. Þung mál, börn sem þurfa mikinn stuðning og aðstoð í námi og/eða daglegu lífi	3	3,3%
3. Börn sem þurfa sérstakt utanumhald án verulegs stuðnings að öðru leyti	11	12%
4. Nemendur sem fylgst er sérstaklega með án viðbótarstuðnings	6	6,6%
Samtals	25	27,5%*

*meðaltal í Mosfellsbæ 36.4%

10.1. Fyrirkomulag og aðgengi

Sérfræðipjónustan er kynnt foreldrum á heimasíðu sveitarfélagsins sem heldur utan um umsóknir um sérfræðipjónustu ásamt þeim greiningargögnum sem berast. Foreldrar geta líka leitað til skólastjóra, umsjónarkennara og deildarstjóra sérkennslu. Þá fundar nemendaverndarráð reglulega þar sem farið er yfir stöðu umsókna og mála. Foreldrar, sem rætt var við, sögðu vel tekið á málum nemenda með sérþarfir.

10.2. Eftirfylgni í framhaldi af greiningu

Deildarstjóri sérkennslu í Krikaskóla ber ábyrgð á að greiningum sé fyllt eftir. Fundað er tvisvar yfir skólaárið með skólastjóra, skólafulltrúa, skólasálfræðingi og verkefnastjóra sérkennslu til að fara yfir málefni barnanna. Þar er farið yfir þörf á íhlutun og hvernig gengið hefur að koma til móts við þarfir einstakra barna eða barnahópa. Fundirnir eru einnig til að leita leiða til að styðja við og efla það starf sem skólinn er að sinna hverju sinni.

10.3. Ráðgjöf til kennara

Að sögn starfsmanna fræðslusviðs Mosfellsbæjar hefur Krikaskóli verið mjög sjálfstæður í þjónustunni og skólastjóri hans sé sérkennari með mikla reynslu og hafi því góða innsýn í málaflokkinn. Skólinn hefur einnig nýtt sér þjónustu og verið í samstarfi við

⁸² Gögn frá sálfræðingi á fræðslusviði Mosfellsbæjar.

talmeinafræðing, *Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins*, sálfræðinga, *Æfingastöðina* á vegum *Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra* og heilsugæsluna en hjúkrunarfræðingur með viðveru í skólanum og öll þroskapróf tekin þar.

10.4. Sjúkrakennsla og skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingar hefur viðveru og aðstöðu í skólanum. Starf hans felur m.a. í sér bólusetningar, viðtöl, hæðar- og þyngdarmælingar, sjónpróf, heyrnarmælingar, fræðslu, þroskapróf o.s.frv.

10.5. Mat úttektaraðila

- Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.
- Mosfellsbær hefur stefnu um sérkennslu og veitir sérfræðiþjónustu með ýmsu móti. Að sögn starfsmanna þar hefur Krikaskóli verið mjög sjálfstæður í þjónustunni.
- Skólaheilsugæsla er í skólanum í samræmi við ákvæði reglugerða þar að lútandi en ekki hefur reynt á að nemendur fái sjúkrakennslu.

11. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.⁸³

Sveitarfélagið hefur skólastefnu og mannauðsstefnu. Í starfsáætlun Krikaskóla kemur fram að skólastefna sveitarfélagsins sé leiðarljós í skólanámskrám leik- og grunnskóla bæjarins. Kjarni skólastefnu Mosfellsbæjar er að setja einstaklinginn í öndvegi. Skólastarf á að taka mið af þörfum hans, félagslegum aðstæðum og umhverfi. Þannig sé litið á hvern og einn sem félagsveru og einstakling með sérstakar og einstakar þarfir. Áhersla er lögð á að sérhver einstaklingur hafi rétt til að lifa og dafna í samfélagi, sem byggir á lýðræði, jafnræði og jafnrétti.⁸⁴ Fræðslu- og frístundasvið hefur eftirlit með starfsemi grunn- og leikskóla.⁸⁵

11.1. Framkvæmd ytra mats

Fram kom hjá verkefnisstjóra á Fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar að almennt hafi verið gagnrýnt að ytra mat sé á ábyrgð sveitarfélaga og ekki talið siðferðilega rétt að setja sveitarfélag í að gera ytra mat á eigin skólum. Því hafi sveitarfélagið alltaf sótt um að fá ytra mat frá ráðuneyti en hafi sjálft verið með afmarkað mat í ákveðnum þáttum. Fulltrúar í fræðslunefnd og starfsmenn fræðslusviðs segja að fylgst sé með gæðum skólastarfs í gegnum skólanámskrár, ársskýrslur, sjálfsmatsskýrslur, starfsmannakannanir, árangur á samræmdum prófum og í samskiptum við stjórnendur sem gera grein fyrir starfinu á fundum fræðslunefndar. Skólastefna sveitarfélagsins skapi m.a. viðmið en hún hafi verið unnin í stýrihópum úr samfélaginu og skólanum og sérfræði- og skólaþjónustan sé miðlæg. Ekki hefur verið kannað með formlegum hætti hvernig tekist hefur að búa til frá grunni heildstæðan leik- og grunnskóla fyrir 2 - 9 ára börn og sérstaklega skoða áhrif þess að hafa samræmdan árlegan starfstíma fyrir bæði skólastigin. Skólinn hafi verið stofnaður 2008 og því hefur enn ekki neinn árgangur stundað nám við skólann frá tveggja til níu ára.

11.2. Mat úttektaraðila

- Mosfellsbær er með sérstaka skólastefnu og mannauðsstefnu sem er ætlað að vera leiðarljós í skólanámskrám leik- og grunnskóla bæjarins.
- Sveitarfélagið hefur verið með mat í ákveðnum þáttum s.s. skólanámskrár, ársskýrslur, sjálfsmatsskýrslur, starfsmannakannanir, árangur á samræmdum

⁸³ Lög um grunnskóla nr. 91/2008

⁸⁴ Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017

⁸⁵ Upplýsingar á heimasíðu Mosfellsbæjar.

prófum og í samskiptum við stjórnendur sem gera grein fyrir starfinu á fundum fræðslunefndar.

12. NIÐURSTÖÐUR

Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, nemendur, foreldrar, skólaráð og fræðslunefnd og fulltrúar sveitarfélags spurðir út í styrkleika og veikleika Krikaskóla. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

12.1. Styrkleikar og veikleikar skólans

Styrkleikar	Veikleikar
Framsækið starfsfólk og skólastarf sem endurspeglar í skipulagi skólans, hugmyndafræði og útfærslu hennar.	Ábyrgð stjórnenda ekki nægilega skýr starfsfólki.
Persónuleg þjónusta við nemendur og foreldra.	Sumir verkferlar, t.d. um aga og fjarvistir starfsmanna ekki nægilega skýrir öllum starfsmönnum.
Samvinna starfsfólks um nemendur, teymisvinna, sveigjanleiki og skólaþróun.	Flæði milli starfsmanna deilda og sviða ekki nægilega mikið.
Fagleg ábyrgð kennara og svigrúm til starfsendarannsókna.	Innra mat ekki fullnægjandi.
Margvísleg úrræði í sérkennslu og góður aðgangur að sérfræðiþjónustu.	Ólíkir og stýrandi kjarasamningar starfsfólks sem m.a. geta gert samstarf leik- og grunnskólakennara örðugra.
Aðkoma starfsmanna og nemenda að ákvörðunum mikil.	Lágt hlutfall leikskólakennara í leikskólahluta skólans.
Fjölbreyttir kennsluhættir á yngri stigum.	Upplýsingaflæði frá skrifstofu skólans til starfsmanna ekki nægilegt.
Lengri árleg viðvera grunskólanema en almennt tíðkast.	Upplýsingagjöf frá frístund má bæta enn frekar.
Fræðslunefnd sem styður vel við skólann.	Fundagerðir foreldrafélags ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans
Frístund samvinnuð skólastarfinu.	
Gott samstarf við foreldra og grenndarsamfélag.	

12.2. Tillögur að aðgerðum til úrbóta á vegum skólans

1. Skilgreina þarf betur ábyrgð verkefnastjóra og teymisstjóra og kynna betur ábyrgðarskiptingu milli skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.
2. Frekari umræðu þarf um skólareglur.
3. Endurskoða ætti verkferla um aga og fjarvistir, framkvæmd þeirra og eftirfylgni.
4. Rýna þarf vel í niðurstöður árlegrar starfsmannakönnunar, hún sé kynnt í fræðslunefnd og unnin aðgerðaáætlun með Fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar.
5. Leita þarf enn frekari leiða til að auðvelda samstarf leik- og grunnskólakennara svo skapa megi enn betri heild í hópnum.
6. Meta þarf hvernig til tekst með nýtt fyrirkomulag starfsmannasamtala.
7. Í umbótaáætlun innra mats þarf að koma fram hverjir eru ábyrgir fyrir hverjum þætti, hvenær aðgerðum skuli lokið eða hver skuli vera árangur þeirra. Æskilegt er að foreldrar eigi fulltrúa í sjálfsmatshópi með starfsfólki. Fylgja þarf matinu betur eftir og sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggi fyrir á heimasíðu skólans.
8. Leita þarf leiða til að hækka hlutfall kennara í leikskólahluta skólans.
9. Upplýsingaflæði frá skrifstofu skólans til starfsmanna þarf að bæta.
10. Upplýsingagjöf frá frístund og leikskólahluta skólans má bæta enn frekar.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá grunnskóla. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík

Áfangaskýrsla til Sprotasjóðs-þróunarverkefni um læsi. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Ársskýrsla Skólaskrifstofu 2013-2014. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar. Sótt af <http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/stjornkerfi/baejarstjorn/>

Eineltisáætlun Krikaskóla. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Eineltiskönnun meðal barna í 3. og 4. bekk Krikaskóla-7. apríl 2015. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Eyðublað fyrir starfsþróunarsamtal. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Foreldrakönnun Krikaskóla-vor 2013. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Forvarnaráætlun Krikaskóla. Sótt af <http://www.krikaskoli.is/hagnytt/>

Framsækið skólastarf. 2013. Ívar Örn Reynisson. Sótt af <http://www.krikaskoli.is/hagnytt/mat-a-skolastarfi/>

Greinargerð stjórnenda um forfallakennslu. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Greinargerð stjórnenda um grunnþætti menntunar. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Greinargerð stjórnenda um námsmatsaðferðir. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Greinargerð stjórnenda um samræmdan árlegan starfstíma beggja skólastiga. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Greinargerð stjórnenda um starfsþróunarsamtöl. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Jafnréttisáætlun Krikaskóla. Sótt af <http://www.krikaskoli.is/hagnytt/>

Krikaskóli- vinnustaðagreining maí. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Lög um grunnskóla nr.91/2008.

Lög um leikskóla nr.90/2008.

Mannauðsstefna Mosfellsbæjar. Sótt af <http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/mannaudur/mannaudsstefna/>

Minnisblað-Endurskoðun starfsáætlunar Krikaskóla 2014-2017. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Námskeið með styrk frá Erasmus-þróunarverkefni í tölvu- og upplýsingatækni. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Símenntunaráætlun Krikaskóla 2014-2015. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Skólanámskrá Krikaskóla 2014-2015. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Skólaráð Krikaskóla. Sótt af <http://www.krikaskoli.is/foreldrar/skolarad/>

Skólastefna Mosfellsbæjar. Sótt af http://www.mosfellsbaer.is/media/PDF/Skolastefna_Mosfellsbaejar.pdf

Starfsáætlun Krikaskóla 2014-2017. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Starfsmannahandbók Mosfellsbæjar. Sótt af <http://www.mosfellsbaer.is/media/PDF/Starfsmannahandbok.pdf>

Viðhorfskönnun foreldra 2014. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

Þróunarverkefni um læsi. Gögn send Attentus af stjórnendum skóla.

VIÐAUKI I – SAMANTEKT SKÓLASTARFS 2 – 9 ÁRA

Í skólanámskrá kemur fram umfjöllun um skólastarf tveggja og þriggja ára nemenda við skólann. Þar kemur fram að við nám yngstu barnanna sé mikilvægt að hafa í huga að þroskabil ungra barna er vítt og að fyrstu skref þeirra snúist um að njóta þess að vera í hópi jafnaldra og taka þátt í stórum sem smáum verkefnum. Á mynd tvö má sjá samantekt um skólastarf árgangs.

Námssvið	Námsgreinar	Vægi í daglegu starfi
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	Mikið Mikið Lítið Lítið
2. List- og verkgreinar	3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	Meðal Mikið Mikið Meðal Lítið Lítið
4. Útivist - náttúrugreinar	Dagleg útivera Vettvangsferðir Könnunarleikur Veðurfræðingur Árstíðarbundin verkefni	Mikið Meðal Mikið Meðal Mikið
5. Skólaþróttir	5.1. Íþróttir – skipulagðir hreyfitímar	Mikið
6. Samfélagsgreinar	6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	Mikið Lítið
7. Stærðfræði	7.0. Stærðfræði	Mikið
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	Lítið Lítið

Mynd 2. Samantekt skólastarfs árgangs 2-3 ára

5.1.2. Skólastarf 4-5 ára

Í skólanámskrá kemur fram umfjöllun um skólastarf fjögurra og fimm ára nemenda. Sjá nánar á mynd 3.

Námssvið	Námsgreinar	Vægi í daglegu starfi
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	Mikið Mikið Mikið Mikið
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	Lítið Lítið
3. List- og verkgreinar	3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	Meðal Mikið Mikið Meðal Meðal Meðal
4. Náttúrugreinar	4.0. Náttúrufræði (eða) 4.1. Eðlis- og efnavísindi 4.2. Jarð- og störfufræði 4.3. Lífvísindi 4.4. Umhverfismennt	Meðal Lítið Lítið Lítið Meðal
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund (5 ára börn)	Mikið Meðal
6. Samfélagsgreinar	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	Mikið Mikið Mikið
7. Stærðfræði	7.0. Stærðfræði (eða) 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar 7.2. Tölur, reikningur 7.3. Rúmfræði, mælingar	Mikið Mikið Mikið Meðal
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	Meðal Meðal

Mynd 3. Samantekt skólastarfs árgangs 4-5 ára

5.1.2. Skólastarf 6-7 ára

Í skólanámskrá kemur fram umfjöllun um skólastarf sex og sjö ára nemenda. Sjá nánar mynd 4.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska (hluti gengur inn í þemaverkefni)	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	6
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	1
3. List- og verkgreinar (hluti gengur inn í þemaverkefni)	A Listgreinar (50%): 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt	2,5
	B Verkgreinar (50%): 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	2,5
4. Náttúrugreinar (þemaverkefni)	4.0. Náttúrufræði (eða) 4.1. Eðlis- og efnavísindi 4.2. Jarð- og störfufræði 4.3. Lífvísindi 4.4. Umhverfismennt	4
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	2 1
6. Samfélagsgreinar (þemaverkefni)	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	1
7. Stærðfræði (hluti gengur inn í þemaverkefni)	7.0. Stærðfræði (eða) 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar 7.2. Tölur, reikningur og algebra 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	6
8. Upplýsinga- og tæknimennt (þemaverkefni)	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	1
Alls		27

Mynd 4. Samantekt skólastarfs árgangs 6-7 ára.

5.1.2. Skólastarf 8-9 ára

Í skólanámskrá kemur fram umfjöllun um skólastarf átta og níu ára nemenda. Sjá nánar á mynd 5.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska (hluti gengur inn í þemaverkefni)	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	6
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	1
3. List- og verkgreinar (hluti gengur inn í þemaverkefni)	A Listgreinar (50%): 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt	2,5
	B Verkgreinar (50%): 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textilmennt	2,5
4. Náttúrugreinar (þemaverkefni)	4.0. Náttúrufræði (eða) 4.1. Eðlis- og efnavísindi 4.2. Jarð- og störnufraði 4.3. Lífvísindi 4.4. Umhverfismennt	4
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	2 1
6. Samfélagsgreinar (þemaverkefni)	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	1
7. Stærðfræði (hluti gengur inn í þemaverkefni)	7.0. Stærðfræði (eða) 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar 7.2. Tölur, reikningur og algebra 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	6
8. Upplýsinga- og tæknimennt (þemaverkefni)	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	1
Alls		27

Mynd 5. Samantekt skólastarfs árgangs 8-9 ára

VIÐAUKI 2 – LYKILHÆFNI VIÐMIÐ OG MATSKVARÐAR

Lykilhæfni, viðmið og matskvarði fyrir árganginn: 2-3 ára.

Lykilþættirnir fimm	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:	Áhersluatriði:
TJÁNING OG MIÐLUN	Við lok skólaárs geti barnið: - Tjáð sig með orðum og setningum. - Sagt nafn sitt, aldur og kyn. 3ja ára geti sagt nöfn foreldra, systkina, heimilisfang og afmælisdaginn sinn. - Gefið þarfir sínar til kynna með orðum eða táknum. - Hafa eftir málskilning og tjáningu. - Leitað eftir aðstoð eftir þörfum. - Skilið vináttu, sýnt samkennd og náð að tala við jafnaldra sína.	Gott og hvetjandi málumhverfi. Að börnin tjái sig með orðum frekar en hljóðum eða bendingum. Að barnið tjái þarfir sínar s.s. ef því er of heitt eða þyrst. Lögð er áhersla á virka hlustun og notaðar séu opnar spurningar. Lögð er áhersla á fjölbreyttan orðaforða. Hvetja börnin til að sýna frumkvæði.
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	Við lok skólaárs geti barnið: - Sýnt skapandi og frjóa hugsun. - Aukið sjálfstæði sitt og sjálfshjálp. - Fundið lausnir og komið með tillögur.	Skapandi, opinn og fjölbreyttur efniviður. Skapa tíma og svigrúm til að barn geti afhafnað sig og leitað lausna. Leiðin að lausninni er mikilvægari en útkoman sjálf.

Lykilþættirnir fimm, frh.	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:	Áhersluatriði:
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	Við lok skólaárs geti barnið: - Verið sjálfstætt í daglegum athöfnum. - Deilt efnivið og skipst á. - Sýnt samkennd. - Unnið með öðrum börnum. - Virt mörk annarra.	Hvetja börnin til að klæða sig sjálf, skammta sér við matarborðið, þvo sér um hendur. Að börnin gangi frá eftir máltíðir, gangi frá leikefni í samvinnu við önnur börn. Verkefni hvetji til samvinnu og samkenndar. Börnin hjálpi hvert öðru. Dagleg rútína haldist sem mest til að auka á öryggi og velliðan.
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	Við lok skólaárs geti barnið: - Tekið fyrirætlum og fylgt þeim eftir. - Tekið mið af upplýsingum s.s. frá veðurfræðingi og klætt sig eftir þeim.	Hvetja börnin til að hlusta og fá þau til að endursegja. Hvetja börnin til að hlusta á önnur börn og taka mark á þeim.
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	Við lok skólaárs geti barnið: - Klætt sig sjálft í útfatnað með lágmarks aðstoð. - Haft tilfinningu hvernig gekk í ákveðnum stundum dagsins.	Hvetja börnin til að klæða sig sjálf úr til að byrja með og svo í. Setja orð á hluti og veita barninu hrós og hvatningu í dagsins önn.

Lykilhæfni, viðmið og matskvarði fyrir árganginn: 4-5 ára.

Lykilþættirnir fimm	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:	Ahersluatriði:
TJANING OG MIÐLUN	Við lok skólaárs geti barnið: - Tjáð sig á skýran hátt. - Geti sagt nafn sitt, aldur og kyn. - Tjá sig um þarfir sínar, langanir og drauma. - Hafa málskilning miðað við þroska og hæfni. - Að eflast í að tjá sig með orðum. - Að barnið leitist efur aðstoð. - Skilið vináttu, sýnt samkennd og náð að tala við jafnaldra sína.	Gott og hvetjandi málumhverfi. Að börnin tjái þarfir sínar og langanir. Leggja inn hugtök. Lögð er áhersla á virka hlustun og notaðar séu opnar spurningar. Lögð er áhersla á fjölbreyttan orðaforða. Hvetja börnin til að sýna frumkvæði. Hvetja börnin til sjálfshjálpar
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	Við lok skólaárs geti barnið: - Nýtt sér skapandi hugsun og fjölbreyttar leið á leið sinni til lausna. - Efla sjálfstæði hvers og eins.	Skapandi, merkingarbær, opinn og fjölbreyttur efniviður. Skapa tíma og svigrúm til að barn geti afhafnað sig og leitað lausna. Leiðin að lausninni er mikilvægari en útkoman sjálf.

Lykilþættirnir fimm, frh.	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:	Áhersluatriði:
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	Við lok skólaárs geti barnið: • Verið sjálfstætt í daglegum athöfnum. • Verið fært um að deila efnivið og skiptast á. • Sýnt samkennd. • Unnið með öðrum. • Að börnin læri að virða mörk. • Tjáð sig á fjölbreyttan hátt	Hvetja börnin til sjálfshjálpar s.s. að klæða sig, skammta sér við matarborðið, þvo sér sjálf um hendur, ganga frá efur sig. Verkefni sem hvetja til samvinnu og samkenndar, (jálkvæður agi). Taka tillit og aðstoða hvort annað. Skiptast á með leikefni. Dagleg rútína gefur börnunum öryggi og aga.
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	Við lok skólaárs geti barnið: • Tekið eftir fyriræmum og fylgt þeim eftir. • Tekið mið af upplýsingum s.s. frá veðurfræðingi og klætt sig eftir þeim.	Hvetja börnin til að hlusta vel og endurtaka fyriræmi. Hvetja börnin til að hlusta hvort á annað og taka mark á.
ABYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	Við lok skólaárs geti barnið: • Klætt sig sjálft í útfatnað með lágmarks aðstoð. • Haft tilfinningu hvernig gekk í ákveðnum stundum dagsins.	Hvetja börnin til að klæða sig sjálf. Veit börnum hrós og hvatningu eftir því sem við á. Setja orð á athafnir barnsins og sigra.

Lykilhæfni, viðmið og matskvarði fyrir árganginn: 6- 7 ára.

Lykilþættirnir fimm	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:	Áhersluatriði: (verða unnin skólaárið 2015-2016)
TJÁNING OG MIÐLUN	Við lok skólaárs geti börnin: • Þekkt ólíkar tilfinningar og tjáð þær með orðum. • Tekið tillit til ólíkra sjónarmiða. • Geti komið fram og tjáð sig fyrir framan hóp. • Hlustað og horft á þann sem talar.	
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	Við lok skólaárs geti börnin: • Spurt rannsakandi spurninga. • Verið lausnamiðuð í hugsun og við úrlausn verkefna á skapandi hátt.	
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	Við lok skólaárs geti börnin: • Tekið frumkvæði. • Verið sjálfstæð í vinnubrögðum. • Verið með sterka sjálfsmynd og geti nýtt sér styrkleika sína.	
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	Við lok skólaárs geti börnin: • Nýtt sér bækur til upplýsingaöflunar. • Hafi kynnst tölvum og annarri upplýsingatækni. • Hafi kynnst bókasafni.	
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	Við lok skólaárs geti börnin: • Hafi kynnst mati á eigin frammistöðu sem og jafningjamati. • Leitast við að tileinka sér ábyrgð í daglegu skólastarfi.	

Lykilhæfni, viðmið og matskvarði fyrir árganginn: 8- 9 ára.

Lykilþættirnir fimm	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:	Áhersluatriði: (verða unnin skólaárið 2014-2015)
TJÁNING OG MIÐLUN	Við lok skólaárs geti börnin: - Tjáð hugsanir, hugmyndir og tilfinningar sínar á skýran, skipulegan og viðeigandi hátt. - Tjáð sig fyrir framan hóp. - Talað máli sínu. - Tekið tillit til skoðana annarra. - Leysi ágreiningsefni á jákvæðan hátt.	
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	Við lok skólaárs geti börnin: - Geti spurt rannsakandi spurninga og leitað svara við þeim. - Miðla viðfangsefnum á skapandi hátt. - Geti svarað spurningum á gagnrýnan hátt og tekið afstöðu til þeirra.	
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	Við lok skólaárs geti börnin: - Geti tekið frumkvæði. - Verið sjálfstæð og ábyrg í vinnubrögðum. - Tekið þátt í samskiptum og samvinnu með jákvæðum hætti. - Lagt sitt af mörkum í samvinnu.	
NYTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	Við lok skólaárs geti börnin: - Geti leitað upplýsinga til stuðnings í námi sínu og unnið úr þeim. - Geti nýtt sér ólíkar upplýsingaleiðir. - Hafi kynnst og nýtt sér upplýsinga- og tæknimennt í sem víðustum skilningi.	
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	Við lok skólaárs geti börnin: - Sett sér raunhæf markmið. - Gert sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna. - Lagt mat á eigin frammistöðu og færni.	